

FJÖLHLIÐA SAMNINGUR

MILLI

EVROPUBANDALAGSINS OG AÐILDARRÍKJA ÞESS, LÝÐVELDISINS ALBANÍU, BORGARALEGRAR STJÓRNSÝSLU SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA Í KÓSOVÓ, BOSNÍU OG HERSEGÓVÍNU, LÝÐVELDISINS BÚLGARÍU, LÝÐVELDISINS ÍSLANDS, LÝÐVELDISINS KRÓATÍU, MAKEDÓNÍU, FYRRUM LÝÐVELDIS JÚGÓSLAVÍU, KONUNGRÍKISINS NOREGS, RÚMENÍU OG SERBÍU OG SVARTFJALLALANDS UM STOFNUN

SAMEVRÓPSKS FLUGSVÆÐIS.

LÝÐVELDIÐ AUSTURRÍKI,

KONUNGRÍKIÐ Belgía,

BRESKA KONUNGRÍKIÐ,

KONUNGRÍKIÐ DANMÖRK,

LÝÐVELDIÐ EYSTLAND,

LÝÐVELDIÐ FINNLAND,

LÝÐVELDIÐ FRAKKLAND,

LÝÐVELDIÐ GRIKKLAND,

KONUNGRÍKIÐ HOLLAND,

ÍRLAND,

LÝÐVELDIÐ ÍTALÍA,

LÝÐVELDIÐ KÝPUR,

LÝÐVELDIÐ LETTLAND,

LÝÐVELDIÐ LITHÁEN,

STÓRHERTOGADÆMIÐ LÚXEMBOURG,

MALTA,

LÝÐVELDIÐ PORTÚGAL,

LÝÐVELDIÐ PÓLLAND,

LÝÐVELDIÐ SLÓVAKÍA,

LÝÐVELDIÐ SLÓVENÍA,

KONUNGRÍKIÐ SPÁNN,

KONUNGRÍKIÐ SVÍÐJÓÐ,

LÝÐVELDIÐ TÉKKLAND,

LÝÐVELDIÐ UNGVERJALAND,

SAMBANDSLÝÐVELDIÐ ÞÝSKALAND,

hér á eftir nefnd „EB-ríki“, og

EVROPUBANDALAGIÐ, hér á eftir nefnt „bandalagið“ eða „Evrópubandalagið“, og

LÝÐVELDIÐ ALBANÍA,

BOSNÍA OG HERSEGÓVÍNA,

LÝÐVELDIÐ BÚLGARÍA,

MAKEDÓNÍA, FYRRUM LÝÐVELDI JÚGÓSLAVÍU,

¹ Samanber ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1244 frá 10. júní 1999.

LÝÐVELDIÐ ÍSLAND,

LÝÐVELDIÐ KRÓATÍA,

KONUNGRÍKIÐ NOREGUR,

RÚMENÍA,

SERBÍA OG SVARTFJALLALAND, og

STJÓRNSÝSLA SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA Í KÓSOVÓ,

öll fyrrnefnd ríki hér á eftir nefnd saman „samningsaðilarnir“,

SEM VIÐURKENNA þá samþættingu sem einkennir alþjóðlegt almenningsflug og óska að koma á samevrópsku flugsvæði (ECAA) sem grundvallast á gagnkvæmum aðgangi að mörkuðum samningsaðila fyrir flutninga í lofti og staðfesturétti, þar sem samkeppni er frjáls, og virðingu fyrir sömu reglum, meðal annars á sviði flugöryggis, flugverndar, flugumferðarþjónustu, félagslegrar samhæfingar og umhverfismála;

SEM TELJA að reglur sem gilda um Samevrópska flugsvæðið skuli hafa fjölhliða gildi innan þess og því sé nauðsynlegt að skýra merkingu sérreglna með tilliti til þess;

SEM ERU SAMMÁLA um að við hæfi sé að byggja fyrirnefndar reglur Samevrópska flugsvæðisins á viðeigandi og gildandi löggjöf innan Evrópubandalagsins, eins og mælt er fyrir um í I. viðauka við samning þennan, með fyrirvara um ákvæði stofnsáttmála Evrópubandalagsins;

SEM VIÐURKENNA að samningsaðilum beri réttur til þess að hafa ágóða af Samevrópska flugsvæðinu, meðal annars fá aðgang að mörkuðum, fari þeir í einu og öllu eftir reglum þess;

SEM HAGA Í HUGA að ekki er unnt að fara að reglum Samevrópska flugsvæðisins, meðal annars viðvíkjandi óheftum aðgangi að mörkuðum, í einum áfanga, heldur með aðlögun sem má hraða með sérstakri tímabundinni tilhögun;

SEM LEGGJA ÁHERSLU Á, samkvæmt aðlögunarfyrirkomulagi ef nauðsyn krefur, að reglur um markaðsaðgang flugfélaga útiloki takmarkanir á ferðatíðni, flutningsgetu, flugleiðum, gerð loftfara eða svipaðar takmarkanir samkvæmt tvíhliða samningum eða tilhögun viðvíkjandi flutningum í lofti og á að eigi skuli gera þá kröfu, sem skilyrði fyrir markaðsaðgangi, að flugfélög geri viðskiptasamninga eða gangi frá hliðstæðri tilhögun;

SEM LEGGJA ÁHERSLU Á að flugfélög skuli eigi sæta mismununar meðferð að því er varðar aðgang að grunnvirkjum fyrir flutninga í lofti, einkum þegar slík grunnvirki eru takmörkuð;

SEM HAGA Í HUGA að samkvæmt samstarfssamningum milli Evrópubandalaganna og aðildarríkja þeirra og tiltekinn annarra samningsaðila er meginreglan sú, í því skyni að tryggja að flutningar milli aðila að þeim samningum þróist með samræmdum hætti, verði gefnir frjálsir í áföngum og uppfylli viðskiptaþarfir þeirra með gagnkvæmum hætti, að fjallað verði í sérsamningum um skilyrði fyrir gagnkvæmum aðgangi að mörkuðum fyrir flutninga í lofti;

SEM HAGA Í HUGA þá ósk sérhvers tengds aðila að samræma lög sín um flutninga í lofti og tengd málefni lögum Evrópubandalagsins, meðal annars með tilliti til framtíðarþróunar löggjafar innan bandalagsins;

SEM VIÐURKENNA mikilvægi tæknilegrar aðstoðar í þessu samhengi;

SEM VIÐURKENNA að samningurinn um evrópska efnahagssvæðið skuli áfram gilda um samskipti bandalagsins og EB-ríkjanna og Noregs og Íslands;

SEM ÓSKA ÞESS að gert verði ráð fyrir stækkun Samevrópska flugsvæðisins síðar meir;

SEM MINNAST samningaviðræðna Evrópubandalagsins og tengdu aðilanna með það að markmiði að gera samninga um tiltekna þætti flugþjónustu sem munu tryggja að samræmi ríki milli tvíhliða

samninga um flugþjónustu, milli EB-ríkjanna og samstarfsaðilanna, og löggjafar Evrópubandalagsins;

HAFA ORÐIÐ ÁSÁTT UM EFTIRFARANDI:

Markmið og meginreglur.

1. gr.

1. Tilgangurinn með samningi þessum er að koma á samevrópsku flugsvæði, hér á eftir nefnt Samevrópska flugsvæðið (ECAA). Samevrópska flugsvæðið skal grundvalla á frjálsum aðgangi að mörkuðum, staðfesturétti, frjálstri samkeppni og sameiginlegum reglum, meðal annars á sviði flugöryggis, flugverndar, flugumferðarþjónustu og félags- og umhverfismála. Í samningi þessum eru, í þeim tilgangi er að framan greinir, settar fram reglur sem gilda í samskiptum samningsaðila samkvæmt þeim skilmálum er um getur hér að aftan. Fyrirnefndar reglur fela í sér þau ákvæði sem eru sett með þeirri löggjöf er um getur í I. viðauka.

2. Ákvæði samnings þessa gilda að því marki sem þau fjalla um flutninga í lofti eða málefni þeim tengt er um getur í I. viðauka.

3. Samningur þessi samanstendur af ákvæðum sem fjalla um það hvernig Samevrópska flugsvæðið verkar í meginatriðum, hér á eftir nefnd „meginmál samningsins“, viðaukum, en I. viðauki inniheldur löggjöf Evrópubandalagsins sem gildir í samskiptum samningsaðila innan þess ramma sem meginmál samningsins markar, og af bókunum, en með einni þeirra að minnsta kosti er kveðið á um aðlögunarfyrirkomulag sem gildir fyrir hvern og einn tengdan aðila.

2. gr.

1. Í samningi þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér greinir:

a. „samningur“ merkir meginmál samningsins, viðaukana við hann, gerðirnar er um getur í I. viðauka og bókanirnar við meginmál samningsins;

b. „tengdur aðili“ merkir lýðveldið Albaníu, Bosnía og Hersegóvínu, lýðveldið Búlgaríu, lýðveldið Króatíu, Makedóníu, fyrrum lýðveldi Júgóslavíu, Rúmeníu og Serbíu og Svartfjallaland eða eitthvert annað ríki eða sjálfstæðan aðila sem hefur gerst aðili að samningi þessum skv. 32. gr.;

c. tengdur aukaadili eða UNMIK (United Nations Interim Administration Mission in Kosovo) merkir borgaralega stjórnarsýslu Sameinuðu þjóðanna í Kósovó, samanber ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1244 frá 10. júní 1999;

d. „samningsaðili“ merkir, að því er varðar bandalagið og EB-ríkin, bandalagið og EB-ríkin, eða bandalagið, eða EB-ríkin. Leiða ber þá merkingu sem gefa á þessu orði í hverju tilviki um sig af viðeigandi ákvæðum samnings þessa og af valdsviði annars vegar bandalagsins og hins vegar EB-ríkjanna eins og því er lýst í EB-sáttmálanum;

e. „samstarfsaðili á Samevrópska flugsvæðinu“ merkir tengdan aðila, Noreg eða Ísland;

f. „EB-sáttmálinn“ merkir stofnsáttmála Evrópubandalagsins;

g. „EES-samningur“ merkir samninginn um evrópska efnahagssvæðið, ásamt bókunum og viðaukum við hann, sem var undirritaður 2. maí 1992 og Evrópubandalagið, aðildarríki þess, Ísland, Liechtenstein og Noregur eiga aðild að;

h. „samstarfssamningur“ merkir hvern þann samning sem myndar tengsl milli Evrópubandalagsins, eða milli Evrópubandalagsins og aðildarríkja þess, annars vegar og hlutaðeigandi tengds aðila hins vegar;

i. „flugfélag á Samevrópska flugsvæðinu“ merkir flugfélag með leyfi eins og kveðið er á um í samningi þessum og í samræmi við ákvæði viðeigandi gerða er um getur í I. viðauka;

j. „lögbær flugmálayfirvöld“ merkir ríkisstofnun eða aðra stofnun sem fer með

lagalegan rétt til þess að meta samræmi, votta og fylgjast með notkun eða sölu vara eða þjónustu eða leyfa í lögsögu samningsaðila og hefur heimild til þess að grípa til aðgerða til að tryggja að vörur eða þjónusta, sem er markaðssett í lögsögu hans, uppfylli ákvæði laga;

k. „Chicago-samþykkt“ merkir samþykktina um alþjóðaflugmál, sem var lögð fram til undirritunar í Chicago 7. desember 1944, ásamt áorðnum breytingum og viðaukum við hana;

l. „SESAR“ merkir tæknilega útfærslu sameiginlegs, evrópsks flugumferðarsvæðis (Single European Sky) sem gerir kleift að þróa og nýta nýja kynslóð kerfa fyrir flugumferðarþjónustu með samræmdum og samstilltum hætti;

m. „aðalskipulag flugumferðarþjónustu“ merkir upptöku SESAR-áætlunarinnar;

n. „EB-ríki“ merkir aðildarríki að Evrópubandalaginu;

2. Notkun orðanna „land“, „innlendur“, „ríkisborgarar“ eða „yfirráðasvæði“ er með fyrirvara um stöðu hvers samningsaðila samkvæmt reglum þjóðaréttar.

3. gr.

Gildandi ákvæði þeirra gerða sem um getur eða er að finna annaðhvort í I. viðauka, með áorðnum breytingum skv. II. viðauka, eða í ákvörðunum sameiginlegu nefndarinnar eru bindandi fyrir samningsaðila og skulu vera, eða verða, hluti af landsrétti þeirra með þeim hætti er hér greinir:

a. gerð, sem svarar til reglugerðar Evrópubandalagsins, skal verða hluti af landsrétti samningsaðilanna;

b. gerð, sem svarar til tilskipunar Evrópubandalagsins, veitir yfirvöldum samningsaðila val um það í hvaða formi og með hvaða hætti ákvæði hennar koma til framkvæmda.

4. gr.

Samningsaðilar skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir, jafnt almenns eðlis sem sértækar, til þess að

tryggja efndir á skuldbindingum þeim er leiðir af samningi þessum og eigi grípa til neinna ráðstafana sem kynnu að koma í veg fyrir að markmiðum hans verði náð.

5. gr.

Ákvæði samnings þessa hafa engin áhrif á samskipti milli aðila að samningnum um evrópska efnahagssvæðið.

Bann við mismunun.

6. gr.

Lagt skal bann við hvers kyns mismunun á grundvelli þjóðernis innan þeirra marka sem gildissvið

samnings þessa nær til og með fyrirvara um öll sérákvæði hans.

Staðfesturéttur.

7. gr.

Innan þeirra marka sem gildissvið og skilmálar samnings þessa ná til og með fyrirvara um ákvæði viðkomandi gerða, er um getur í I. viðauka, skal ekkert hamla staðfesturétti ríkisborgara EB-ríkis eða samstarfsaðila á Samevrópska flugsvæðinu á yfirráðasvæði einhvers þeirra. Í staðfesturétti felst

meðal annars réttur til þess að koma á fót og stunda starfsemi sem sjálfstæður atvinnurekandi og að

stofna og reka fyrirtæki, einkum félög og firma samkvæmt þeim skilmálum sem lög þess lands þar

sem slík starfsemi fer fram mæla fyrir um, þ.e. lög sem gilda um eigin ríkisborgara. Sama gildir og

þegar ríkisborgarar EB-ríkis eða samstarfsaðila á Samevrópska flugsvæðinu, sem hafa staðfestu á

yfiráðasvæði einhvers þeirra, stofna umboðsskrifstofur, útibú eða dótturfyrirtæki.

8. gr.

1. Félög eða firma, sem eru stofnuð lögformlega eða skipulögð samkvæmt lögum EB-ríkis eða samstarfsaðila á Samevrópska flugsvæðinu, skulu, innan þeirra marka sem gildissvið samnings þessa nær til og með fyrirvara um ákvæði viðkomandi gerða er um getur í I. viðauka, hljóta sömu meðferð og einstaklingar sem eru ríkisborgarar EB-ríkis eða samstarfsaðila á Samevrópska flugsvæðinu.

2. „Félög eða firma“ merkir félög eða firma, sem eru stofnuð lögformlega samkvæmt einkamála- eða viðskiptarétti, m.a. samvinnufélög, og aðra lögaðila, sem ákvæði opinbers réttar eða einkamálaréttar gilda um, að þeim undanskildum sem eru ekki rekin í hagnaðarskyni.

9. gr.

1. Ákvæði 7. og 8. gr. gilda ekki um starfsemi sem tengist beitingu opinbers valds, jafnvel stöku sinnum, á yfiráðasvæði einhvers samningsaðila.

2. Ákvæði 7. og 8. gr. og ráðstafanir þeim til fullnustu rýra ekki gildi ákvæða laga og reglugerða eða stjórnvaldsfyrirmæla samningsaðilanna um komu, búsetu og atvinnu eða um sérstaka meðferð erlendra ríkisborgara í þágu allsherjarreglu, almannaoýggis eða lýðheilsu.

10. gr.

1. Samningsaðilar skulu, með fyrirvara um hagstæðari ákvæði í gildandi samningum og innan þeirra marka sem gildissvið samnings þessa nær til, fella niður magntakmarkanir og ráðstafanir sem hafa sömu áhrif og gilda um flutning tækjabúnaðar, birgða, varahluta og annars konar búnaðar þegar slíkur flutningur er nauðsynlegur flugfélagi á Samevrópska flugsvæðinu til þess að geta haldið áfram að bjóða fram flutninga í lofti samkvæmt þeim skilmálum sem gert er ráð fyrir í samningi þessum.

2. Skuldbinding sú er um getur í 1. mgr. útilokar ekki að samningsaðilar geti bannað slíka flutninga eða takmarkað þá í þágu allsherjarreglu eða almannaoýggis, til að vernda heilbrigði og líf manna, dýra og plantna eða til að vernda eignarrétt á sviði hugverka, iðnaðar og viðskipta. Slík bönn eða takmarkanir skulu þó ekki hafa í för með sér handahófskennda mismunun eða duldar hömlur í viðskiptum milli samningsaðilanna.

Flugöryggi.

11. gr.

1. Samningsaðilar skulu koma á verklagi sem tryggir að loftfar, sem er skráð hjá einum samningsaðila og lendir á flugvelli hjá öðrum samningsaðila, uppfylli alþjóðlega öryggisstaðla, sem eru settir samkvæmt Chicago-samþykktinni, og að viðurkenndir fulltrúar hins samningsaðilans skoði loftfarið á hlaði, fari um borð og hringinn í kringum það til þess að ganga úr skugga um gildi skjala sem fylgja loftfarinu og áhöfn þess og kanni auðsýnilegt ástand loftfarsins og tækjabúnaðar þess.

2. Samningsaðili getur, hvenær sem er, óskað eftir viðræðum um öryggisstaðla annars samningsaðila á öðrum sviðum en þeim sem gerðirnar, er um getur í I. viðauka, fjalla um.

3. Eigi skal líta svo á að nokkuð í samningi þessum takmarki vald lögbærra flugmálayfirvalda til þess að grípa til viðeigandi og tafarlausra ráðstafana hvenær sem þau fá fullvissu um að tiltekin vara eða þjónusta kunni:

i. ekki að uppfylla lágmarksstaðla sem kunna að verða settir samkvæmt Chicagosamþykktinni; eða

ii. að gefa tilefni til alvarlegra áhyggna, í kjölfar skoðunar er um getur í 1. mgr., af því að loftfar eða rekstur loftfars uppfylli ekki lágmarksstaðla sem eru settir samkvæmt Chicagosamþykktinni; eða

iii. að gefa tilefni til alvarlegra áhyggna af því að eðlilegu viðhaldi sé ekki sinnt og

að lágmarksstaðlar, sem eru settir samkvæmt Chicago-samþykktinni, séu ekki uppfylltir.

4. Lögbær flugmálayfirvöld, sem grípa til aðgerða samkvæmt 3. mgr., skulu tilkynna lögbærum flugmálayfirvöldum hinna sammingsaðilanna án tafar um slíkar aðgerðir og færa rök fyrir þeim.

5. Ef aðgerðum, sem gripið er til skv. 3. mgr., er ekki hætt, jafnvel þó forsendur fyrir þeim séu ekki lengur til staðar, getur hvaða sammingsaðili sem er vísað málinu til sameiginlegu nefndarinnar.

6. Hlutaðeigandi sammingsaðili skal tilkynna öðrum sammingsaðilum um allar breytingar sem verða á landslögum hans og varða stöðu lögbærra flugmálayfirvalda.

Flugvernd.

12. gr.

1. Sammingsaðilar skulu, í því skyni að vernda almenningsflug gegn ólögmetum afskiptum, tryggja að sameiginlegum grunnkröfum og fyrirkomulagi til eftirlits með því að þau séu uppfyllt, eins og þau eru sett fram í I. viðauka, sé beitt á öllum flugvöllum á yfirráðasvæðum þeirra.

2. Sammingsaðilar skulu, að fenginni beiðni þar um, veita hver öðrum alla þá aðstoð sem er nauðsynleg til að koma í veg fyrir ólöglega töku almenningsloftfara og aðrar ólöglegar aðgerðir, sem er beint gegn öryggi slíkra loftfara, farþega þeirra og áhafna, flugvalla og flugleiðsögubúnaðar, og til að fást við sérhverja aðra ógnun við öryggi í almenningsflugi.

3. Þegar ólögleg taka almenningsloftfars eða aðrar ólöglegar aðgerðir, sem er beint gegn öryggi slíkra loftfara, farþega þeirra og áhafna, flugvalla eða flugleiðsögubúnaðar, eiga sér stað, eða hættu er á slíkum atburðum, skulu sammingsaðilarnir aðstoða hvern annan með því að greiða fyrir samskiptum og öðrum viðeigandi ráðstöfunum til að binda enda á slíka atburði eða hættu á slíkum atburðum á skjótan og öruggan hátt.

4. Tengdur aðili kann að sæta eftirliti framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins í samræmi við viðeigandi lög Evrópubandalagsins, eins og um getur í I. viðauka, og krafa kann að verða gerð um að hann eigi aðild að eftirliti framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins hjá öðrum sammingsaðilum.

Flugumferðarþjónusta.

13. gr.

1. Sammingsaðilar skulu eiga samstarf sín á milli á sviði flugumferðarþjónustu til þess að hið sameiginlega, evrópska flugumferðarsvæði geti náð til Samevrópska flugsvæðisins og þannig megi gera strangari kröfur á sviði öryggisstaðla, jafnframt því að auka almennt skilvirkni almennra flugumferðarstaðla í Evrópu, með það að markmiði að nýta sem best flutningsgetu og halda töfum í lágmarki.

2. Til þess að greiða megi fyrir beitingu löggjafar um hið sameiginlega, evrópska flugumferðarsvæði á yfirráðasvæðum sínum:

- skulu tengdir aðilar, innan þeirra marka sem valdsviði hvers og eins eru sett og við fyrsta tækifæri, gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að laga stofnanaskipulag sitt á sviði flugumferðarþjónustu að sameiginlega, evrópska flugumferðarsvæðinu, einkum með því að tilnefna eða stofnsetja viðeigandi innlendir eftirlitsstofnanir sem að minnsta kosti starfa óháð þjónustuveitendum á sviði flugleiðsögu;

- skal Evrópubandalagið veita tengdu aðilunum hlutdeild í sérhverju rekstrarframtaki á sviði flugleiðsögu, loftrýmis og rekstrarsamhæfingu, sem rekja má til sameiginlega, evrópska flugumferðarsvæðisins, einkum með þátttöku þeirra frá upphafi í tilraunum hlutaðeigandi sammingsaðila til þess að koma á nothæfum loftrýmum.

3. Evrópubandalagið skal sjá til þess að tengdu aðilarnir tengist í einu og öllu þróun aðalskipulags flugumferðarþjónustu innan SESAR-áætlunar framkvæmdastjórnarinnar.

Samkeppni.

14. gr.

1. Ákvæði III. viðauka gilda innan gildissviðs þessa samnings. Ef reglur um samkeppni og ríkisaðstoð er að finna í öðrum samningum milli tveggja eða fleiri samningsaðila, t.d. samstarfssamningum, gilda þær reglur milli fyrrnefndra samningsaðila.

2. Ákvæði 15., 16. og 17. gr. eiga ekki við um ákvæði III. viðauka.

Framfylgni.

15. gr.

1. Hver samningsaðili skal, með fyrirvara um 2. og 3. mgr., tryggja að heimilt sé að skírskota, fyrir innlendum dómstólum, til réttinda, sem leiðir af samningi þessum, einkum þeim gerningum er um getur í I. viðauka.

2. Í málum, sem kunna að hafa áhrif á raunverulega eða hugsanlega flugþjónustu sem heimila á samkvæmt samningi þessum, skulu stofnanir Evrópubandalagsins fara með það vald sem þeim er sérstaklega veitt samkvæmt ákvæðum þeirra gerninga sem vísað er til eða er að finna í I. viðauka.

3. Dómstóll Evrópubandalaganna, hér á eftir nefndur „dómstóllinn“ skal hafa sérlögsögu í öllum álitamálum er varða lögmæti ákvarðana sem stofnanir Evrópubandalagsins taka samkvæmt samningi þessum, einkum samkvæmt þeim gerningum er um getur í I. viðauka.

Túlkun.

16. gr.

1. Að því marki sem ákvæði samnings þessa og ákvæði þeirra gerða er um getur í I. viðauka eru eins að efni til og samhljóða reglum EB-sáttmálans og gerðum, sem eru samþykktar samkvæmt EB-sáttmálanum, ber að túlka fyrrnefnd ákvæði, þegar þeim er beitt og þau koma til framkvæmda, í samræmi við viðeigandi dóma og úrskurði dómstólsins og framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins sem eru kveðnir upp fyrir þann dag er samningur þessi er undirritaður. Senda ber öðrum samningsaðilum þá dóma og úrskurði sem eru kveðnir upp eftir þann dag er samningur þessi er undirritaður. Sameiginlega nefndin skal ákveða, að fram kominni beiðni eins samningsaðila þar um, réttaráhrif slíkra dóma og úrskurða, sem kveðnir eru upp síðar, til þess að tryggja megi rétta framkvæmd samnings þessa. Áður en samningur þessi er undirritaður skal senda samstarfsaðilum á Samevrópska flugsvæðinu gildandi greinargerðir um túlkun. Ákvarðanir, sem sameiginlega nefndin tekur samkvæmt málsmeðferð þessari, skulu vera í samræmi við dómaframkvæmd dómstólsins.

2. Ef túlkun samnings þessa, ákvæða þeirra gerða er um getur í I. viðauka eða gerða, sem eru samþykktar þeim til fullnustu og eru eins að efni til og samhljóða reglum EB-sáttmálans og gerðum sem eru samþykktar samkvæmt EB-sáttmálanum, er vafa undirorpin í máli, sem er til meðferðar fyrir rétti eða dómstóli hjá samstarfsaðila á Samevrópska flugsvæðinu, skal hlutaðeigandi réttur eða dómstóll fara þess á leit við dómstóllinn, í samræmi við

IV. viðauka og telji rétturinn eða hlutaðeigandi dómstóll það nauðsynlegt til þess að hann geti dæmt í málinu, að dómstóllinn felli úrskurð um vafaatriðið. Samstarfsaðili á Samevrópska flugsvæðinu getur, með ákvörðun og í samræmi við ákvæði IV. viðauka, tilskilið að hvaða marki og samkvæmt hvaða fyrirkomulagi réttir hans og dómstólar skuli beita þessu ákvæði. Tilkynna ber vörsluaðila og dómstólum um slíka ákvörðun. Vörsluaðilinn skal tilkynna öðrum samningsaðilum um fyrrnefnda ákvörðun.

3. Þegar réttur hjá samningsaðila, sem fellir úrskurð sem ekki er unnt að beita neinu réttarræði gagnvart samkvæmt landslögum, getur ekki, í samræmi við ákvæði 2. mgr., vísað máli til dómstólsins skal hlutaðeigandi samningsaðili senda dómsniðurstöður slíks

réttar til sameiginlegu nefndarinnar sem skal bregðast við til þess að tryggja að ákvæði samnings þessa verði túlkuð með einsleitum hætti. Hafi sameiginlegu nefndinni ekki tekist, innan tveggja mánaða frá því að ósamræmi milli dómaframkvæmdar dómstólsins og dómsniðurstöðu réttar hjá fyrrnefndum samningsaðila hefur verið lagt fyrir hana, að tryggja að samningur þessi sé túlkaður með einsleitum hætti er heimilt að grípa til þeirrar málsmeðferðar sem mælt er fyrir um í 20. gr.

Ný löggjöf.

17. gr.

1. Samningur þessi er með fyrirvara um rétt sérhvers samningsaðila, háð því skilyrði að meginreglunni um bann við mismunun og ákvæðum þessarar greinar og 4. mgr. 18. gr. sé hlítt, til þess að samþykkja einhliða nýja löggjöf eða breyta gildandi löggjöf sinni á sviði flutninga í lofti eða tengdu sviði er um getur í I. viðauka. Tengdu aðilarnir skulu ekki samþykkja neina slíka löggjöf nema hún sé í samræmi við ákvæði samnings þessa.
2. Samningsaðili skal, jafnskjótt og hann hefur samþykkt nýja löggjöf eða breytingu á löggjöf sinni, tilkynna hinum samningsaðilunum um það, fyrir milligöngu sameiginlegu nefndarinnar, eigi síðar en einum mánuði eftir að slík löggjöf eða breyting hefur verið samþykkt. Sameiginlega nefndin skal, að fram kominni beiðni samningsaðila þar um og innan tveggja mánaða eftir það, efna til skoðanaskipta um áhrif slíkrar nýrrar löggjafar eða breytingar á rétta framkvæmd samnings þessa.
3. Sameiginlega nefndin skal:
 - a. annaðhvort samþykkja ákvörðun þar sem ákvæði I. viðauka eru endurskoðuð þannig að nýja löggjöfin eða sú breyting er um ræðir sé felld inn í hann, með gagnverkandi hætti ef nauðsyn krefur; eða
 - b. samþykkja ákvörðun þess efnis að umrædd ný löggjöf eða breyting sé talin vera í samræmi við samning þennan; eða
 - c. ákveða hvaða aðra ráðstöfun sem er í því skyni að standa vörð um rétta framkvæmd samnings þessa.
4. Að því er varðar löggjöf, sem hefur verið samþykkt milli þess að samningur þessi er undirritaður og þess að hann öðlast gildi og öðrum samningsaðilum hefur verið tilkynnt um, skal sá dagur þegar löggjöfin er talin lögð fyrir vera sá dagur þegar upplýsingum var veitt viðtaka. Sameiginlega nefndin skal eigi taka ákvörðun fyrr en að sextíu dögum liðnum frá því að samningur þessi öðlast gildi.

Sameiginlega nefndin.

18. gr.

1. Sameiginlegri nefnd, sem er ábyrg fyrir framkvæmd samnings þessa og skal tryggja að ákvæðum hans sé beitt á réttan hátt, með fyrirvara um 2. og 3. mgr. 15. gr. og 21. og 22. gr., er hér með komið á fót. Nefndin skal, í þessu skyni, leggja fram tillögur og taka ákvarðanir í þeim málum sem mælt er fyrir um í samningi þessum. Samningsaðilar skulu láta ákvarðanir sameiginlegu nefndarinnar koma til framkvæmda í samræmi við eigin reglugerðir.
2. Fulltrúar samningsaðilanna sitja í sameiginlegu nefndinni.
3. Ákvarðanir sameiginlegu nefndarinnar skulu teknar með samhljóða samþykki. Sameiginlega nefndin getur samt sem áður ákveðið að mæla fyrir um að meirihluti ráði í atkvæðagreiðslu í tilteknum sérmálum.
4. Samningsaðilar skulu, til að framkvæmd samnings þessa verði eins og til er ætlast, skiptast á upplýsingum, meðal annars um nýja löggjöf eða ákvarðanir er varða samning þennan, og efna, að beiðni samningsaðila, til samráðs í sameiginlegu nefndinni, til að mynda um félagsleg málefni.

5. Sameiginlega nefndin setur sér starfsreglur.

6. Samstarfsaðili á Samevrópska flugsvæðinu og Evrópubandalagið skulu gegna formennsku í sameiginlegu nefndinni til skiptis samkvæmt tilhögun sem mælt verður fyrir um í starfsreglum hennar.

7. Formaður sameiginlegu nefndarinnar kallar saman fundi nefndarinnar að minnsta kosti einu sinni ár hvert í því skyni að yfirfara framkvæmd samnings þessa í meginefnum og, í hvert sinn sem sérstakar aðstæður krefjast þess, að beiðni samningsaðila. Sameiginlega nefndin skal fylgjast stöðugt með þróun dómaframkvæmdar dómstólsins.

Evrópubandalagið skal, í þessu skyni, senda samstarfsaðilum á Samevrópska flugsvæðinu allar niðurstöður dómstólsins er varða framkvæmd samningsins. Sameiginlega nefndin skal bregðast við innan þriggja mánaða til þess að tryggja að ákvæði samnings þessa verði túlkuð með einsleitum hætti.

8. Sameiginlega nefndin kann að ákveða að koma á fót starfshópi sér til aðstoðar við að sinna skyldum sínum.

19. gr.

1. Ákvarðanir sameiginlegu nefndarinnar eru bindandi fyrir samningsaðila. Feli ákvörðun sameiginlegu nefndarinnar í sér kröfu um að samningsaðili grípi til aðgerða skal hlutaðeigandi samningsaðili gera nauðsynlegar ráðstafanir og tilkynna sameiginlegu nefndinni um það.

2. Ákvarðanir sameiginlegu nefndarinnar skal birta í stjórnartíðindum Evrópusambandsins og stjórnartíðindum samstarfsaðila á Samevrópska flugsvæðinu. Í hverri ákvörðun skal koma fram hvenær samningsaðilum ber að hrinda henni í framkvæmd og aðrar upplýsingar sem líklegt má telja að varði atvinnurekendur.

Lausn deilumála.

20. gr.

1. Bandalagið, sem kemur fram ásamt EB-ríkjunum, eða samstarfsaðili á Samevrópska flugsvæðinu getur lagt deilu, sem snýst um framkvæmd eða túlkun samnings þessa, fyrir sameiginlegu nefndina, nema sérstök málsmeðferð sé sett fram í samningi þessum.

2. Þegar deila hefur verið lögð fyrir sameiginlegu nefndina skv. 1. mgr. skal efna þegar í stað til samráðsfunda milli deiluaðila. Deiluaðila er heimilt að bjóða fulltrúa Evrópubandalagsins að taka þátt í samráðsfundunum þegar bandalagið er ekki aðili að deilunni. Deiluaðilar geta samið tillögu að lausn sem skal senda sameiginlegu nefndinni án tafar. Með ákvörðunum, sem sameiginlega nefndin tekur samkvæmt málsmeðferð þessari, skal tekið tillit til dómaframkvæmdar dómstólsins.

3. Hafi sameiginlega nefndin ekki tekið ákvörðun til lausnar deilunni að fjórum mánuðum liðnum frá þeim degi þegar hún var lögð fyrir nefndina geta deiluaðilar vísað deilunni til dómstólsins, en úrskurður hans í málinu skal vera endanlegur og bindandi. Fyrirkomulag það sem gildir um slíkar tilvísanir til dómstólsins er sett fram í IV. viðauka.

4. Taki sameiginlega nefndin ekki ákvörðun um mál, sem hefur verið vísað til hennar, innan fjögurra mánaða geta samningsaðilarnir gripið til viðeigandi verndarráðstafana, í samræmi við ákvæði 21. og 22. gr., sem skulu eigi vara lengur en sex mánuði. Hver samningsaðili getur að þeim tíma liðnum sagt samningnum upp fyrirvaralaust. Samningsaðili skal ekki grípa til verndarráðstafana vegna máls, sem vísað hefur verið til dómstólsins í samræmi við ákvæði samnings þessa, nema í tilvikum sem skýrð eru í 3. mgr. 11. gr. eða samkvæmt aðferðum sem kveðið er á um í einstökum gerðum er um getur í I. viðauka.

Verndarráðstafanir.

21. gr.

Verndarráðstafanir skal takmarka, að því er umfang og gildistíma varðar, við það sem er bráðnaudsynlegt til þess að ráða bót á því ástandi er um ræðir, með fyrirvara um 3. mgr. 11. gr. og það mat á flugöryggi og flugvernd er um getur í bókununum við samning þennan. Gera skal þær ráðstafanir helst sem valda sem minnstri röskun á framkvæmd samnings þessa.

22. gr.

1. Samningsaðili, sem hyggst gera verndarráðstafanir, skal greina öðrum samningsaðilum frá því fyrir milligöngu sameiginlegu nefndarinnar og láta í té allar upplýsingar sem máli skipta.

2. Samningsaðilarnir skulu efna til samráðsfunda innan sameiginlegu nefndarinnar án tafar til þess að leiða málið til lykta þannig að allir aðilar geti vel við unað.

3. Hlutaðeigandi samningsaðila er óheimilt, með fyrirvara um 3. mgr. 11. gr., að grípa til verndarráðstafana fyrr en að einum mánuði liðnum frá tilkynningardegi skv. 1. mgr., nema að samráði skv. 2. mgr. sé lokið áður en tilgreindur frestur er liðinn.

4. Hlutaðeigandi samningsaðili skal, án tafar, tilkynna sameiginlegu nefndinni um þær ráðstafanir sem eru gerðar og láta í té allar upplýsingar sem máli skipta.

Afhending upplýsinga.

23. gr.

Gerð er sú krafa til fulltrúa samningsaðila, sendimanna þeirra, sérfræðinga og embættismanna og annarra starfsmanna, sem vinna samkvæmt ákvæðum samnings þessa, jafnvel eftir að þeir hætta störfum, að þeir afhendi ekki upplýsingar sem fagleg þagnarskylda hvílir yfir, einkum upplýsingar

um fyrirtæki, viðskiptatengsl þeirra eða kostnaðarþætti.

Þriðju lönd og alþjóðastofnanir.

24. gr.

1. Samningsaðilarnir skulu ráðgjast sín á milli á vettvangi sameiginlegu nefndarinnar, að beiðni einhvers þeirra, í samræmi við þær verklagsreglur sem settar eru fram í 25. og 26. gr.:

- a. um álitamál viðvíkjandi flutningum í lofti sem alþjóðastofnanir fjalla um; og
- b. um ýmsar hliðar hugsanlegrar framvindu samskipta milli samningsaðila og þriðju landa á sviði flutninga í lofti og um framkvæmd mikilvægra þátta tví- eða fjölhliða samninga sem hafa verið gerðir á þessu sviði.

2. Efna ber til samráðsfunda, er um getur í 1. mgr., innan eins mánaðar frá því að beiðni er lögð fram og í bráðatilvikum, svo fljótt sem verða má.

25. gr.

1. Meginmarkmiðin með samráðinu, sem kveðið er á um í a-lið 1. mgr. 24. gr., eru:

a. að ákveða í sameiningu hvort fyrirnefnd álitamál skapi sameiginlegan vanda að glíma við; og

b. allt eftir eðli slíks vanda:

- að fjalla í sameiningu um það hvort samræma beri aðgerðir samningsaðilanna innan hlutaðeigandi alþjóðastofnunar, eða

- að fjalla í sameiningu um aðrar leiðir sem kunna að eiga við.

2. Samningsaðilar skulu skiptast, svo fljótt sem verða má, á upplýsingum sem varða þau markmið sem kveðið er á um í 1. mgr.

26. gr.

Meginmarkmiðin með samráðinu, sem kveðið er á um í b-lið 1. mgr. 24. gr., eru að kanna þau mál

sem miklu varða og fjalla um þær leiðir sem kunna að vera færar.

Aðlögunarfyrirkomulag.

27. gr.

1. Með bókunum I til VIII er komið á aðlögunarfyrirkomulagi og tilsvareandi áföngum sem gilda milli Evrópubandalagsins og EB-ríkjanna annars vegar og hlutaðeigandi tengdra aðila hins vegar. Sömu skilmálar gilda í samskiptum Noregs eða Íslands og tengds aðila og gilda í samskiptum Evrópubandalagsins og EB-ríkjanna annars vegar og hlutaðeigandi tengds aðila hins vegar.

2. Meðan aðlögunaráfangarnir standa yfir skal ákveða viðeigandi frumbætti þess skipulags flutninga í lofti sem skal gilda milli tveggja tengdra aðila á grundvelli þeirrar bókunar, af þeim tveimur sem við eiga, sem hefur að geyma strangari ákvæði.

3. Aðlögun sérhvers tengds aðila stig af stigi til fullrar þátttöku á Samevrópska flugsvæðinu skal háð mati. Evrópubandalagið skal framkvæma matið í samstarfi við hlutaðeigandi tengdan aðila. Tengdur aðili skal tilkynna Evrópubandalaginu um að mat skuli fara fram þegar hann er þess fullviss að skilyrðum fyrir því að aðlögunaráfanga teljist lokið hafi verið fullnægt.

4. Komist Evrópubandalagið að þeirri niðurstöður að skilyrðunum hafi verið fullnægt skal það greina sameiginlegu nefndinni frá því og ákveða að því búnu að hlutaðeigandi tengdur aðili uppfylli skilyrði til þess að hefja næsta aðlögunaráfanga eða til þess að teljast fullgildur þátttakandi á Samevrópska flugsvæðinu, eftir því sem við á.

5. Komist Evrópubandalagið að þeirri niðurstöðu að skilyrðunum hafi ekki verið fullnægt skal það tilkynna sameiginlegu nefndinni um það. Bandalagið skal ráða hlutaðeigandi tengdum aðila að gera tilteknar umbætur og ákveða frest til framkvæmda sem nægir til þess að unnt sé að ljúka umbótunum með eðlilegum hætti. Áður en frestur til framkvæmda er útrunninn skal fara fram annað mat og enn frekara mat, ef nauðsyn krefur, á því hvort ráðlögðum umbótum hafi verið lokið með skilvirkum og fullnægjandi hætti.

Tengsl við tvíhliða samninga og tilhögun sem fjalla um flutninga í lofti.

28. gr.

1. Ákvæði samnings þessa ganga framur viðeigandi ákvæðum tvíhliða samninga og/eða tilhögunar

sem er í gildi milli tengdu aðilanna annars vegar og Evrópubandalagsins, EB-ríkis, Noregs eða Íslands hins vegar og innbyrðis milli tengdra aðila.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr., í aðlögunaráföngunum er um getur í 27. gr., skulu ákvæði tvíhliða samnings eða tilhögunar, í gildi milli tengds aðila og Evrópubandalagsins, EB-ríkis, Noregs eða Íslands eða milli tveggja tengdra aðila um eignarhald, flugréttindi, flutningsgetu, ferðatíðni, gerð eða skipti loftfara, sameiginlegt flugnúmer og verðlagningu, gilda milli aðila að slíkum tvíhliða samningi eða tilhögun séu ákvæði hans eða hennar sveigjanlegri, að því er frelsi viðkomandi flugfélaga varðar, en ákvæði þeirrar bókunar sem gildir um hlutaðeigandi tengdan aðila.

3. Leysa ber deilu milli tengds aðila og annars samningsaðila, sem snýst um það hvort sé sveigjanlegra, ákvæði þeirrar bókunar sem gildir um hlutaðeigandi tengdan aðila eða ákvæði tvíhliða samninga og/eða tilhögunar, að því er varðar fulla þátttöku á Samevrópska flugsvæðinu, innan ramma þess fyrirkomulags á lausn deilumála sem kveðið er á um í 20. gr. Leysa ber deilur um það hvernig ákveða beri tengsl milli ósamrýmanlegra bókana á sama hátt.

Gildistaka, endurskoðun, uppsögn og önnur ákvæði.

29. gr.

Gildistaka.

1. Samningur þessi er háður fullgildingu eða samþykki undirritunarríkja í samræmi við málsmeðferðarreglur hvers þeirra. Skjöl um fullgildingu eða samþykki skal afhenda til

vörslu á aðalskrifstofu ráðs Evrópusambandsins (vörsluaðila) sem tilkynnir öllum öðrum undirritunarríkjum og Alþjóðaflugmálastofnuninni um það.

2. Samningur þessi öðlast gildi á fyrsta degi annars mánaðar frá þeim degi þegar Evrópubandalagið og EB-ríkin og að minnsta kosti einn tengdur aðili hafa afhent skjöl um fullgildingu eða samþykki. Samningur þessi öðlast gildi gagnvart hverju undirritunarríki, sem fullgildir hann eða samþykkir eftir fyrrnefndan dag, á fyrsta degi annars mánaðar eftir að hlutaðeigandi undirritunarríki afhendir skjal sitt um fullgildingu eða samþykki til vörslu.

3. Evrópubandalagið og aðildarríki þess og að minnsta kosti einn tengdur aðili geta, þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr., ákveðið að beita ákvæðum samnings þessa til bráðabirgða í samskiptum sín á milli frá undirritunardegi að telja, og í samræmi við landslög, með því að tilkynna vörsluaðila um það sem greinir öðrum samningsaðilum frá því.

30. gr.

Endurskoðun.

Endurskoða ber samning þennan, að fram kominni beiðni hvaða samningsaðila sem er þar um og hvað sem öðru líður, að fimm árum liðnum frá því að hann öðlast gildi.

31. gr.

Uppsögn..

1. Sérhverjum samningsaðila er heimilt að segja samningi þessum upp með tilkynningu til vörsluaðila sem tilkynnir öðrum samningsaðilum og Alþjóðaflugmálastjórninni um uppsögnina.

Segi Evrópubandalagið og EB-ríkin samningi þessum upp fellur hann úr gildi einu ári eftir að tilkynnt er um uppsögnina. Segi annar aðili að samningi þessum honum upp fellur samningurinn aðeins úr gildi gagnvart þeim samningsaðila einu ári eftir að tilkynnt er um uppsögnina. Heimilt er, samt sem áður, að bjóða fram flugþjónustu, sem er starfrækt þann dag þegar samningur þessi fellur úr gildi, fram til þess að því tímabili Alþjóðasambands flugfélaga (IATA) fyrir reglubundna flugþjónustu sem lok gildistíma samningsins fara saman við er lokið.

2. Ef tengdur aðili gerist aðili að Evrópusambandinu breytist staða hans sjálfkrafa frá því að vera tengdur aðili samkvæmt samningi þessum til þess að verða EB-ríki.

3. Samningur þessi fellur úr gildi fyrir fullt og allt eða um stundarsakir gagnvart tengdum aðila falli tilsvarendi samstarfssamningur úr gildi fyrir fullt og allt eða um stundarsakir.

32. gr.

Stækkun Samevrópska flugsvæðisins.

Evrópubandalagið getur boðið hverju ríki eða aðila, sem er reiðubúinn til þess að samræma lög sín

um flutninga í lofti og tengd málefni lögum Evrópubandalagsins um sama efni og bandalagið hefur

átt eða á samstarf við um að koma á rammaáætlun um nána efnahagssamvinnu á borð við samstarfssamning, að gerast þátttakandi á Samevrópska flugsvæðinu. Samningsaðilarnir skulu, í þessu skyni, breyta samningi þessum til samræmis við það.

33. gr.

Gíbraltarflugvöllur.

1. Framkvæmd samnings þessa með tilliti til Gíbraltarflugvallar telst ekki hafa áhrif á lagalega stöðu konungsríkisins Spánar annars vegar og Breska konungsríkisins hins vegar að því er varðar ágreining um fullveldisréttindi á yfirráðasvæðinu þar sem flugvöllurinn er staðsettur.

2. Fresta ber framkvæmd samnings þessa með tilliti til Gíbraltarflugvallar uns fyrirkomulag það er um getur í sameiginlegri yfirlýsingu utanríkisráðherra konungsríkisins Spánar og Breska konungsríkisins frá 2. desember 1987 kemur til framkvæmda.

34. gr.

Tungumál.

Samningur þessi er gerður í einu frumeintaki á opinberum tungumálum stofnana Evrópusambandsins og samningsaðilanna, annarra en Evrópubandalagsins og aðildarríkja þess og eru allir þessir textar jafngildir.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

I. VIÐAUKI**Reglur um almenningflug.**

„Gildandi ákvæði“ eftirfarandi gerða Evrópubandalagsins skulu gilda í samræmi við meginmál samningsins og II. viðauka um láréttar breytingar, nema annað sé tekið fram í þessum viðauka eða í

bókunum I til VIII á eftir honum. Sértekur breytingar vegna hverrar einstakrar gerðar eru settar fram hér á eftir ef nauðsyn krefur.

A. Markaðsaðgangur og tengd málefni.**Nr. 2407/92**

Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2407/92 frá 23 júlí 1992 um veitingu flugrekstrarleyfa til handa flugfélögum.

Gildandi ákvæði: 1. til 18. gr. ásamt viðaukanum að undanskilinni vísun í 3. mgr. 13. gr. til 226. gr.

(áður 169. gr.) EB-sáttmálans.

Nr. 2408/92

Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23 júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum

innan bandalagsins,

með áorðnum breytingum eða eins og hún hefur verið aðlöguð með:

- 29. gr. gerðar um skilyrði fyrir aðild lýðveldisins Austurríkis, lýðveldisins Finnlands og konungsríkisins Svíþjóðar;
- ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/94 frá 21. mars 1994 um breytingu á bókun 47 og tilteknum viðaukum við EES-samninginn;
- 20. gr. gerðar um skilyrði fyrir aðild lýðveldisins Tékklands, lýðveldisins Eistlands, lýðveldisins

Kýpur, lýðveldisins Lettlands, lýðveldisins Litháens, lýðveldisins Ungverjalands, lýðveldisins Möltu, lýðveldisins Póllands, lýðveldisins Slóveníu og lýðveldisins Slóvakíu ásamt breytingum á þeim sáttmálum sem Evrópusambandið er reist á, hér á eftir nefnd „aðildarlögin frá 2003“.

Gildandi ákvæði: 1. til 15. gr. og I., II. og III. viðauki.

Nr.. 2409/92

Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2409/92 frá 23. júlí 1992 um fargjöld og farmgjöld í flugþjónustu.

Gildandi ákvæði: 1. til 10. gr.

Nr. 95/93

Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 95/93 frá 18. janúar 1993 um sameiginlegar reglur um úthlutun afgreiðslutíma á bandalagsflugvöllum,

með áorðnum breytingum samkvæmt:

- Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 894/2002 frá 27. maí 2002 um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 95/93.
- Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1554/2003 frá 22. júlí 2003 um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 95/93.
- Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 793/2004 frá 21. apríl 2004 um breytingu

á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 95/93.

Gildandi ákvæði: 1. til 12. gr. og 2. mgr. 14. gr. a.

Að því er varðar beitingu 2. mgr. 12. gr. merkir „framkvæmdastjórnin“ „sameiginlega nefndin“.

Nr. 96/67

Tilskipun ráðsins nr. 96/67/EB frá 15. október 1996 um aðgang að flugafgreiðslumarkaðinum á flugvöllum bandalagsins.

Gildandi ákvæði: 1. til 25. gr. ásamt viðauka.

Að því er varðar beitingu 10. gr. merkir hugtakið „aðildarríki“ „EB-ríki“.

Að því er varðar beitingu 2. mgr. 20. gr. merkir „framkvæmdastjórnin“ „sameiginlega nefndin“.

Nr. 785/2004

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 785/2004 frá 21. apríl 2004 um kröfur um váttryggingar fyrir flugrekendur og umráðendur loftfara.

Gildandi ákvæði: 1. til 8. gr. og 2. mgr. 10. gr.

B. Flugumferðarþjónusta.

Nr. 549/2004

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 549/2004 frá 10. mars 2004 um setningu rammaákvæða um að koma á sameiginlegu, evrópsku flugumferðarsvæði (rammareglugerðin).

Gildandi ákvæði: 1. til 4. gr., 6. gr. og 9. til 14. gr.

Nr. 550/2004

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 550/2004 frá 10. mars 2004 um að veita þjónustu á sviði flugleiðsögu á sameiginlega, evrópska flugumferðarsvæðinu (þjónustureglugerðin).

Gildandi ákvæði: 1. til 19. gr., I. og II. viðauki.

Nr. 551/2004

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 551/2004 frá 10. mars 2004 um skipulag og notkun

loftrýmis á sameiginlega, evrópska flugumferðarsvæðinu (loftrýmisreglugerðin).

Gildandi ákvæði: 1. til 11. gr.

Nr. 552/2004

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 frá 10. mars 2004 um rekstrarsamhæfi evrópska flugumferðarstjórnarkerfisins (rekstrarsamhæfisreglugerðin).

Gildandi ákvæði: 1. til 12. gr., I. til V. viðauki.

Nr. 2096/2005

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2096/2005 frá 20. desember 2005 um sameiginlegar

kröfur vegna þjónustuveitingar á sviði flugleiðsögu.

Gildandi ákvæði: 1. til 9. gr., I. til V. viðauki.

Nr. 2150/2005

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2196/2005 frá 23. desember 2005 um sameiginlegar

reglur um sveigjanlega notkun loftrýmis.

Gildandi ákvæði: 1. til 9. gr., viðauki.

C. Flugöryggi.

Nr. 3922/91

Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 frá 16. desember 1991 um samræmingu á tæknikröfum og stjórnarsýslumeðferð á sviði flugmála, með áorðnum breytingum samkvæmt:

- Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2176/96 frá 13. nóvember 1996 um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 með tilliti til framfara á sviði vísinda og

tækni.

- Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1069/1999 frá 25. maí 1999 um aðlögun reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 3922/91 að framförum á sviði vísinda og tækni.
 - Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2871/2000 frá 28. desember 2000 um aðlögun reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 3922/91, um samræmingu á tækniröfum og stjórnáslumeðferð á sviði flugmála, að framförum á sviði vísinda og tækni.
 - Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1592/2002 frá 15. júlí 2002 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu.
- Gildandi ákvæði:* 1. til 10. gr., 12. til 13. gr., að undanskilinni 1. mgr. 4. gr. og öðrum málslíð 2. mgr. 8. gr., I. til III. viðauki.

Að því er varðar beitingu 12. gr. merki „aðildarríki“ „EB-ríki“.

Nr. 94/56/EB

Tilskipun ráðsins 94/56/EB frá 21. nóvember 1994 um setningu grundvallarreglna við rannsóknir á

slysum og óhöppum í almenningsflugi.

Gildandi ákvæði: 1. til 12. gr.

Að því er varðar beitingu 9. og 12. gr. merkir „framkvæmdastjórnin“ „allir aðrir aðilar að samningnum

um Samevrópska flugsvæðið“.

Nr. 1592/2002

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1592/2002 frá 15. júlí 2002 um sameiginlegar reglur

um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu, með áorðnum breytingum samkvæmt:

- Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1643/2002 frá 22. júlí 2003 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1592/2002.

- Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1701/2003 frá 24. september 2003 um aðlögun 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 1592/2002.

Gildandi ákvæði: 1. til 57. gr., I. og II. viðauki.

Nr. 2003/42

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/42/EB frá 13. júní 2003 um tilkynningu atvika í almenningsflugi.

Gildandi ákvæði: 1. til 11. gr., I. og II. viðauki.

Nr. 1702/2003

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1702/2003 frá 24. september 2003 um framkvæmdarreglur

varðandi lofthæfi- og umhverfisvottun loftfara og tilheyrandi framleiðsluvara, hluta og búnaðar og varðandi vottun hönnunar- og framleiðslufyrirtækja, með áorðnum breytingum samkvæmt:

- Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 381/2005 frá 7. mars 2005 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1702/2003.

Gildandi ákvæði: 1. til 4. gr., viðauki. Sameiginlega nefndin skal ákvarða aðlögunaráfangana er um

getur í reglugerð þessari.

Nr. 2042/2003

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2042/2003 frá 20. nóvember 2003 um áframhaldandi

lofthæfi loftfara og annarra framleiðsluvara, hluta og búnaðar til flugs og um samþykki fyrir

fyrirtækjum og starfsfólki á þessu sviði.

Gildandi ákvæði: 1. til 6. gr., I. til IV. viðauki.

Nr. 104/2004

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 104/2004 frá 22. janúar 2004 um setningu reglna um

skipulag og samsetningu kærnefndar Flugöryggisstofnunar Evrópu.

Gildandi ákvæði: 1. til 7. gr. ásamt viðauka.

Nr. 488/2005

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 488/2005 frá 21. mars 2005 um þóknun sem Flugöryggisstofnun Evrópu leggur á.

Nr. 2111/2005

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2111/2005 frá 14. desember 2005 um að stofna bandalagsskrá yfir flugfélög sem er bannað að stunda flugrekstur innan bandalagsins og um að upplýsa flugfarþega um hvaða flugfélag annast flutning og um niðurfellingu 9. gr. tilskipunar 2004/36/EB.

Gildandi ákvæði: 1. til 13. gr., viðauki.

D. Flugvernd.

Nr. 2320/2002

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2320/2002 frá 16. desember 2002 um sameiginlegar

reglur um flugvernd í almenningsflugi,

með áorðnum breytingum samkvæmt:

- Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 894/2004 frá 29. apríl 2004 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2320/2002.

Gildandi ákvæði: 1. til 12. gr. ásamt viðauka.

Nr. 622/2003

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 622/2003 frá 4. apríl 2003 um ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnreglum um flugvernd, með áorðnum breytingum samkvæmt:

- Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 68/2004 frá 15. janúar 2004 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 622/2003.
- Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 781/2005 frá 24. maí 2005 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 622/2003.
- Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 857/2005 frá 6. júní 2005 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 622/2003.

Gildandi ákvæði: 1. til 5. gr. ásamt viðauka.

Nr. 1217/2003

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1217/2003 frá 4. júlí 2003 um sameiginlegar forskriftir

fyrir innlendar áætlanir um gæðaeftirlit með flugvernd í almenningsflugi.

Gildandi ákvæði: 1. til 11. gr., I. og II. viðauki.

Nr. 1486/2003

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1486/2003 frá 22. ágúst 2003 um verklagsreglur við

eftirlit á vegum framkvæmdastjórnarinnar á sviði flugverndar í almenningsflugi.

Gildandi ákvæði: 1. til 16. gr.

Nr. 1138/2004

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1138/2004 frá 21. júní 2004 um sameiginlega skilgreiningu

á viðkvæmustu hlutum haftasvæða flugverndar á flugvöllum.

Gildandi ákvæði: 1. til 8. gr.

E. Umhverfi.

Nr. 89/629

Tilskipun ráðsins 89/629/EBE frá 4. desember 1989 um takmörkun á hávaða frá almennum þotum

sem fljúga undir hljóðhraða.

Gildandi ákvæði: 1. til 8. gr.

Nr. 92/14

Tilskipun ráðsins 92/14/EBE frá 2. mars 1992 um skorður við notkun flugvéla sem falla undir 1. bindi, II. hluta, 2. kafla í 16. viðauka samþykktar um alþjóðaflugmál, 2. útg. (1988), með áorðnum breytingum samkvæmt:

- Tilskipun ráðsins 98/20/EB frá 30. mars 1998 um breytingu á tilskipun 92/14/EBE.
- Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/28/EB frá 21. apríl 1999 um breytingu á viðauka við tilskipun ráðsins 92/14/EBE .
- Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 991/2001 frá 21. maí 2001 um breytingu á viðauka við tilskipun ráðsins 92/14/EBE .

Gildandi ákvæði: 1. til 11. gr. ásamt viðauka.

Nr. 2002/30

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/30/EB frá 26. mars 2002 um að koma á reglum og málsmeðferð að því er varðar rekstrartakmarkanir vegna hávaða á flugvöllum bandalagsins, með áorðnum breytingum samkvæmt aðildarlögunum frá 2003.

Gildandi ákvæði: 1. til 15. gr., I. og II. viðauki.

Nr. 2002/49

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/49/EB frá 25. júní 2002 um mat og stjórn á hávaða í umhverfinu.

Gildandi ákvæði: 1. til 16. gr., I. til IV. viðauki.

F. Félagslegir þættir.

Nr. 1989/391

Tilskipun ráðsins 89/391/EBE frá 12. júní 1989 um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi

og heilsu starfsmanna á vinnustöðum.

Gildandi ákvæði: 1. til 16. gr. og 18. til 19. gr.

Nr. 2003/88

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/88/EB frá 4. nóvember 2003 um ákveðna þætti er varða

skipulag vinnutíma.

Gildandi ákvæði: 1. til 19. gr., 21. til 24. gr. og 26. til 29. gr.

Nr. 2000/79

Tilskipun ráðsins 2000/79/EB frá 27. nóvember 2000 um Evrópusamning um skipulag á vinnutíma

farstarfsmanna í almenningsflugi sem gerður var milli Evrópusambands flugfélaga (AEA), Sambands félaga flutningaverkamanna í Evrópu (ETF), Evrópska flugliðasambandsins (ECA), Samtaka evrópskra svæðisflugfélaga (ERA) og Alþjóðasamtaka flutningaflugfélaga (IACA).

Gildandi ákvæði: 1. til 5. gr.

G. Neytendavernd.

Nr. 90/314

Tilskipun ráðsins 90/314/EBE frá 13. júní 1990 um ferðapakka, orlofspakka og skoðunarferðapakka.

Gildandi ákvæði: 1. til 10. gr.

Nr. 92/59

Tilskipun ráðsins 92/59/EBE frá 29. júní 1992 um öryggi framleiðsluvöru.

Gildandi ákvæði: 1. til 19. gr.

Nr. 93/13

Tilskipun ráðsins 93/13/EBE frá 5. apríl 1993 um óréttmæta skilmála í neytendasamningum.

Gildandi ákvæði: 1. til 10. gr. ásamt viðauka.

Að því er varðar beitingu 10. gr. merkir „framkvæmdastjórnin“ „allir aðrir aðilar að samningnum um Samevrópska flugsvæðið“.

Nr. 95/46

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga.

Gildandi ákvæði: 1. til 34. gr.

Nr. 2027/97

Reglugerð ráðsins (EB) nr. 2027/97 frá 9. október 1997 um bótaábyrgð flugfélaga vegna slysa, með áorðnum breytingum samkvæmt:

- Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 889/2002 frá 13. maí 2002 um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 2027/97.

Gildandi ákvæði: 1. til 8. gr.

Nr. 261/2004

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 261/2004 frá 11. febrúar 2004 um sameiginlegar reglur um skaðabætur og aðstoð til handa farþegum sem er neitað um far og þegar flugi er aflýst eða

mikil seinkun verður á flugi og um að fella úr gildi reglugerð (EBE) nr. 295/91.

Gildandi ákvæði: 1. til 17. gr.

H. Önnur löggjöf.**Nr. 2299/1989**

Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2299/1989 frá 24. júlí 1989 um starfsreglur fyrir notkun tölufarskráningarkerfa,

með áorðnum breytingum samkvæmt:

- Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3089/93 frá 29. október 1993 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 2299/89.
- Reglugerð ráðsins (EB) nr. 323/1999 frá 8. febrúar 1999 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 2299/89.

Gildandi ákvæði: 1. til 22. gr. ásamt viðauka.

Nr. 91/670

Tilskipun ráðsins nr. 91/670/EBE frá 16. desember 1991 um gagnkvæma viðurkenningu á flugstarfaskírteinum.

Gildandi ákvæði: 1. til 8. gr. ásamt viðauka.

Nr. 3925/91

Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3925/91 frá 19. desember 1991 um afnám eftirlits og formsatriða vegna handfarangurs og skráðs farangurs þeirra sem fara með flugi innan Bandalagsins og farangurs

þeirra sem fara í sjóferð innan Bandalagsins.

Gildandi ákvæði: 1. til 5. gr.

Nr. 437/2003

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 437/2003 frá 27. febrúar 2003 um hagskýrslur að því

er varðar farþega-, vöru- og póstflutninga í lofti, með áorðnum breytingum samkvæmt:

- Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1358/2003 frá 31. júlí 2003 um framkvæmd og breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 437/2003.

Gildandi ákvæði: 1. til 11. gr., I. og II. viðauki.

Nr. 1358/2003

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1358/2003 frá 31. júlí 2003 um framkvæmd reglugerðar

Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 437/2003 um hagskýrslur að því er varðar farþega-, vöru- og póstflutninga í lofti og um breytingu á I. og II. viðauka við hana.

Gildandi ákvæði: 1. til 4. gr., I. til III. viðauki.

Nr. 2003/96

Tilskipun ráðsins 2003/96/EB frá 27. október 2003 um endurskipulagningu lagaramma bandalagsins

um skattlagningu orkugjafa og rafmagns.

Gildandi ákvæði: b-liður 1. mgr. og 2. mgr. 14. gr.

II. VIÐAUKI**Láréttar breytingar og tilteknar málsmeðferðarreglur.**

Ákvæði gerðanna, er um getur í I. viðauka, gilda í samræmi við samninginn og 1. til 4. lið í þessum

viðauka, nema kveðið sé á um annað í I. viðauka. Sérstækar breytingar, sem eru nauðsynlegar vegna

einstakra gerða, eru settar fram í I. viðauka.

Samningur þessi hefur gildi í samræmi við málsmeðferðarreglurnar sem eru settar fram í 5. og 6. lið

þessa viðauka.

1. INNGANGSMÁLSLIÐIR GERÐANNA.

Eigi eru gerðar breytingar á formálsorðum þeirra gerða sem eru tilgreindar að því er samning þennan varðar. Þau eru viðeigandi að því marki sem nauðsynlegt má telja og gerir kleift að túlka og

beita ákvæðum fyrrnefndra gerða í samræmi við ákvæði þessa samnings.

2. SÉRTÆK HUGTAKANOTKUN Í GERÐUNUM.

Eftirfarandi hugtök í gerðunum, sem eru tilgreindar í I. viðauka, hafa þá merkingu er hér greinir:

- hugtakið „bandalag“ merkir „Samevrópskt flugsvæði“;
- hugtökin „bandalagslög“, „bandalagslöggjöf“, „bandalagsgerningar“ og „EB-sáttmáli“ merkja „samningurinn um Samevrópska flugsvæðið“;
- hugtakið „bandalagsflugvöllur“ merkir „flugvöll sem er staðsettur á Samevrópska flugsvæðinu“;
- hugtökin „Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna“ eða „Stjórnartíðindi Evrópusambandsins“ merkja „stjórnartíðindi samningsaðilanna“;
- hugtakið „bandalagsflugfélag“ merkir „flugfélag á Samevrópska flugsvæðinu“;

3. VÍSANIR TIL AÐILDARRÍKJA.

Vísanir til „aðildarríkis“ eða „aðildarríkja“ ber að skilja með þeim hætti, ætíð þegar vísað er til þess

hugtaks í þeim gerðum er um getur í I. viðauka og með fyrirvara um ákvæði 4. liðar þessa viðauka,

að þau vísi einnig, að EB-ríkjunum frátöldum, til samstarfsaðila á Samevrópska flugsvæðinu.

4. ÁKVÆÐI UM NEFNDIR EVRÓPUBANDALAGSINS OG SAMRÁÐ VIÐ TENGDU AÐILANA.

Framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins skal hafa samráð við sérfræðinga tengdu aðilanna og gefa

þeim færi á að koma fram með ábendingar ætíð þegar kveðið er á um það í gerðunum, sem tilgreindar eru í I. viðauka, að framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins skuli hafa samráð við nefndir

Evrópubandalagsins og um tækifæri til þess að þeir geti komið fram með ábendingar sínar eða álit.

Í samráði felst einn fundur, undir forsæti framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins, sem fer fram innan sameiginlegu nefndarinnar að fram komnu boði framkvæmdastjórnarinnar áður en samráð við

hlutaðeigandi nefnd Evrópubandalagsins fer fram. Framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins skal láta

hverjum og einum tengdum aðila í té allar nauðsynlegar upplýsingar að minnsta kosti tveimur vikum fyrir fundinn, nema sérstakar aðstæður krefjist skemmri fyrirvara.

Tengdu aðilunum skal boðið að leggja álit sitt fyrir framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins.

Framkvæmdastjórnin skal taka eðlilegt tillit til þeirra ábendinga sem tengdu aðilarnir koma fram með.

Ákvæðin hér að framan gilda ekki um hvernig beita skal samkeppnisreglum, sem settar eru fram í samningi þessum, heldur sérstök samráðstilhögun sem er sett fram í III. viðauka.

5. SAMSTARF OG GAGNKVÆM MIÐLUN UPPLÝSINGA.

Lögbær yfirvöld samningsaðilanna skulu, í því skyni að auðvelda þeim að fara með það vald sem þeim er falið og að fram kominni beiðni þar um, skiptast á öllum upplýsingum sem eru nauðsynlegar til þess að tryggja megi rétta framkvæmd samnings þessa.

6. VÍSUN TIL TUNGUMÁLA.

Samningsaðilum ber réttur til þess að nota hvaða opinbert tungumál stofnana Evrópusambandsins sem er eða annars samningsaðila við málsmeðferð, sem stofnað er til í samræmi við ákvæði samnings þessa, og með fyrirvara um ákvæði IV. viðauka. Samningsaðilarnir gera sér þó ljóst að notkun ensku auðveldar fyrrnefnda málsmeðferð. Ef tungumál, sem er ekki eitt opinberra tungumála

stofnana Evrópusambandsins, er notað í opinberu skjali skal leggja samtímis fram þýðingu yfir á opinbert tungumál stofnana Evrópusambandsins, að teknu tilliti til ákvæðisins í málsliðnum hér að

framan. Hyggist samningsaðili nota, í munnlegri málsmeðferð, tungumál, sem er ekki eitt opinberra

tungumála stofnana Evrópusambandsins, skal hann sjá til þess að túlkað sé jafnóðum yfir á ensku.

III. VIÐAUKI

Reglur um samkeppni og ríkisaðstoð er um getur í 14. gr. meginmál samningsins.

1. gr.

Ríkiseinkasala.

Tengdur aðili skal, í áföngum, koma lagi á hvers kyns ríkiseinokun á sviði viðskipta í því skyni að

tryggja að, við lok seinni áfangans er um getur í þeirri bókun með samningi þessum þar sem fjallað

er um þær ráðstafanir til aðlögunar sem varða hlutaðeigandi tengdan aðila, ríkisborgurum samningsaðilanna verði ekki mismunað að því er varðar skilyrði til kaupa og markaðssetningar vara. Upplýsa ber sameiginlegu nefndina um þær ráðstafanir sem eru samþykktar til þess að ná þessu markmiði.

2. gr.

Samræming löggjafar um ríkisaðstoð og samkeppni.

1. Samningsaðilarnir viðurkenna þýðingu þess að gildandi löggjöf tengdu aðilanna um ríkisaðstoð og samkeppni verði samræmd samsvarandi löggjöf Evrópubandalagsins. Tengdu aðilarnir skulu leitast við að tryggja að lög þeirra um ríkisaðstoð og samkeppni, sem gilda í nútíð og framtíð, verði samrýmd réttarreglum Evrópubandalagsins í áföngum.

2. Hefja ber samræmingu við gildistöku samnings þessa og skal hún ná í áföngum til allra þátta þeirra ákvæða Evrópubandalagsins um ríkisaðstoð og samkeppni, sem vísað er til í þessum viðauka, við lok seinni áfangans er um getur í þeirri bókun með samningi þessum þar sem fjallað er um þær ráðstafanir til aðlögunar sem varða hlutaðeigandi tengdan aðila. Tengdi aðilinn skal og skilgreina, í samráði við framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins, hvernig fylgst verður með framgangi samræmingar á löggjöf og fyrirhugaðri lagaframkvæmd.

3. gr.

Samkeppnisreglur og önnur ákvæði fjárhagslegs eðlis.

1. Eftirfarandi samrýmist ekki réttri framkvæmd samnings þessa að því leyti sem það hefur áhrif á verslun og viðskipti milli tveggja samningsaðila eða fleiri:

i. allir samningar milli fyrirtækja, ákvarðanir samtaka fyrirtækja og samstilltar aðgerðir fyrirtækja sem miða að því að koma í veg fyrir, takmarka eða raska samkeppni eða leiða til þess arna;

ii. misnotkun eins eða fleiri fyrirtækja á yfirburðastöðu á yfirráðasvæðum samningsaðilanna, öllum eða á verulegum hluta þeirra;

iii. ríkisaðstoð sem raskar eða veit á röskun samkeppni með því að tilteknum fyrirtækjum er ívilnað eða mælt er með tilteknum vörum.

2. Meta ber allar aðgerðir, sem fara í bága við grein þessa, á grundvelli viðmiðana sem leiðir af beitingu gildandi samkeppnisreglna innan Evrópubandalagsins, einkum 81., 82., 86. og 87.

gr. EB-sáttmálans og túlkunarskjala sem stofnanir Evrópubandalagsins hafa samþykkt.

3. Sérhver tengdur aðili skal ábyrgjast að opinberri stofnun, sem er rekstrarlega óháð, sé falið nauðsynlegt vald til þess að beita ákvæðum i. og ii. liðar 1. mgr. að fullu gagnvart einkareknum og opinberum fyrirtækjum og fyrirtækjum sem hafa verið veitt sérréttindi.

4. Sérhver tengdur aðili skal tilnefna eða koma á fót opinberu, rekstrarlega óháðu yfirvaldi sem er falið nauðsynlegt vald til þess að beita ákvæðum iii. liðar 1. mgr. að fullu. Fyrirnefnt yfirvald skal meðal annars hafa heimild til þess að leyfa ríkisaðstoð og aðstoð í formi einstakra styrkja í samræmi við 2. mgr. og heimild til að fyrirskipa að ríkisaðstoð, sem hefur verið veitt með ólögætum hætti, verði skilað.

5. Sérhver samningsaðili skal tryggja gagnsæi á sviði ríkisaðstoðar, meðal annars með því að láta öðrum samningsaðilum reglulega í té ársskýrslu, eða ígildi hennar, þar sem fylgt er aðferðum og framsetningu könnunar Evrópubandalagsins á ríkisaðstoð. Samningsaðili skal, að fram kominni beiðni annars samningsaðila þar um, láta í té upplýsingar um ákveðin, einstök tilvik þar sem um opinbera aðstoð er að ræða.

6. Hver tengdur aðili skal koma á ítarlegri skráningu ríkisaðstoðar, sem hefur verið innleidd áður en yfirvaldinu, er um getur í 4. mgr., var komið á fót, og samræma hana þeim viðmiðunum er um getur í 2. mgr.

7. a. Samningsaðilar samþykkja, að því er varðar beitingu ákvæða iii. liðar 1. mgr., að í þeim áföngum er um getur í þeirri bókun með samningi þessum, þar sem fjallað er

um þær ráðstafanir til aðlögunar sem varða samstarfsaðila, skuli leggja mat á alla opinbera aðstoð, sem hlutaðeigandi tengdur aðili veitir, að teknu tilliti til þess að líta ber á tengda aðilann sem samskonar svæði og þau svæði Evrópubandalagsins sem er lýst í a-lið 3. mgr. 87. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins.

b. Við lok fyrri áfangans, er um getur í þeirri bókun með samningi þessum þar sem fjallað er um þær ráðstafanir til aðlögunar sem varða tengdan aðila, skal hlutaðeigandi tengdur aðili senda framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins upplýsingar um verga landsframleiðslu á mann sem samhæfðar eru flokkun hagskýrslusvæða II (NUTS II). Yfirvald það er um getur í 4. mgr. og Evrópubandalagið skulu meta í sameiningu almennar viðmiðanir um rétt til stuðnings við landsvæði hlutaðeigandi tengds aðila og mesta umfang aðstoðar við þau í því skyni að gera áætlun um svæðisbundna aðstoð á grundvelli viðmiðunarreglna Evrópubandalagsins.

8. Telji einn samningsaðila að tiltekin aðgerð samræmist ekki skilmálum 1. mgr. getur hann gert viðeigandi ráðstafanir að höfðu samráði við sameiginlegu nefndina eða að þrjátíu virkum dögum liðnum frá því að farið er fram á slíkt samráð.

9. Samningsaðilarnir skulu skiptast á upplýsingum, að teknu tilliti til takmarkana sem felast í kröfum um atvinnu- eða viðskiptaleynd.

IV. VIÐAUKI

Vísanir til dómstóls Evrópubandalaganna.

1. Almennar meginreglur er varða 16. gr. samningsins.

1. Verklagsreglur, sem dómstóll Evrópubandalaganna, hér á eftir nefndur „dómstóllinn“, hefur sett um tilvísanir vegna forúrskurða innan Evrópubandalagsins, gilda eftir því sem við á. Auk forúrskurðar skal réttur eða dómstóll hlutaðeigandi samningsaðila beita lagatúlkun dómstólsins.

2. Samningsaðilar skulu hafa, eins og samningur þessi kveður á um, sama rétt og EB-ríkin til þess að vísa athugasemdum til dómstólsins.

2. Mörk og fyrirkomulag þess verklags sem kveðið er á um í 2. mgr. 16. gr. samningsins.

1. Þegar samningsaðili samþykkir, í samræmi við annan málslið 2. mgr. 16. gr., ákvörðun um mörk og fyrirkomulag vísana til dómstólsins skal tilgreina í ákvörðuninni annað tveggja:

a. að hvaða réttur eða dómstóll sem er hjá fyrrnefndum samningsaðila, sem fellir úrskurð sem ekki er unnt að beita neinu réttarræði gagnvart samkvæmt landslögum, skuli fara þess á leit við dómstólinn að hann felli forúrskurð um vafaatriði í máli, sem er til meðferðar hjá hlutaðeigandi rétti eða dómstóli og snýst um lögmæti eða túlkun gerðar er um getur í 2. mgr. 16. gr., telji rétturinn eða dómstóllinn að úrskurður um vafaatriðið sé nauðsynlegur til þess að hann geti dæmt í málinu; eða

b. að hvaða réttur eða dómstóll sem er hjá fyrrnefndum samningsaðila geti farið þess á leit við dómstólinn að hann felli forúrskurð um vafaatriði í máli, sem er til meðferðar hjá hlutaðeigandi rétti eða dómstóli og snýst um lögmæti eða túlkun gerðar er um getur í 2. mgr. 16. gr., telji rétturinn eða dómstóllinn að úrskurður um vafaatriðið sé nauðsynlegur til þess að hann geti dæmt í málinu.

2. Fyrirkomulag þess hvernig beita ber ákvæðum 2. mgr. 16. gr. skal grundvalla á frumatriðum lagaákvæða sem fjalla um starfsemi dómstólsins, meðal annars viðeigandi ákvæðum EB-sáttmálans, stofnsamþykkt og dómreglum dómstólsins og dómaframkvæmd þess dómstóls. Taki samningsaðili ákvörðun um fyrirkomulag þess hvernig beita beri þessu ákvæði skal hann einnig taka mið af hagnýtum viðmiðunarreglum sem dómstóllinn hefur birt í kynningarauglýsingu um tilvísanir innlendra dómstóla vegna forúrskurða.

3. Tilvísanir skv. 3. mgr. 20. gr. sammingsins.

Deilumál send dómstólnum skv. 3. mgr. 20. gr. skulu hljóta sömu meðferð af hans hálfu og deilumál send skv. 239. gr. EB-sáttmálans.

4. Vísanir til dómstólsins og tungumál.

Samningsaðilum ber réttur til þess að nota hvaða opinbert tungumál stofnana Evrópusambandsins sem er eða annars samningsaðila við málsmeðferð fyrir dómstólnum sem stofnað er til í samræmi við ákvæði samnings þessa. Ef annað tungumál en opinbert tungumál stofnana Evrópusambandsins

er notað í opinberu skjali skal leggja samtímis fram þýðingu á frönsku. Hyggist samningsaðili nota,

í munnlegri málsmeðferð, tungumál, sem er ekki eitt opinberra tungumála stofnana Evrópusambandsins, skal hann sjá til þess að túlkað sé jafnóðum yfir á frönsku.

V. VIÐAUKI

Bókun I.

Aðlögunarfyrirkomulag sem gildir milli Evrópubandalagsins og EB-ríkjanna annars vegar og Lýðveldisins Albaníu hins vegar.

1. gr.

Aðlögunaráfangar.

1. Fyrri aðlögunaráfanginn nær frá gildistöku samnings þessa fram til þess að lýðveldið

Albanía, hér á eftir nefnt „Albanía“, hefur fullnægt öllum skilyrðum, sem sett eru fram í 1. mgr. 2. gr., og gengið hefur verið úr skugga um það með matsgerð Evrópubandalagsins.

2. Seinni aðlögunaráfanginn nær frá lokum fyrri aðlögunaráfangans fram til þess að Albanía hefur fullnægt öllum skilyrðum, sem sett eru fram í 2. mgr. 2. gr., og gengið hefur verið úr skugga um það með matsgerð Evrópubandalagsins.

2. gr.

Skilyrði sem lúta að aðlögun.

1. Við lok fyrri aðlögunaráfangans skal Albanía:

i. vera fullgildur meðlimur í Samtökum flugmálastjórna í Evrópu (JAA) og leitast við að hrinda í framkvæmd þeirri löggjöf um flugöryggi sem kveðið er á um í I. viðauka;

ii. beita skjali Evrópusambands flugmálastjórna (ECAC) nr. 30 og leitast við að hrinda í framkvæmd þeirri löggjöf um flugvernd sem kveðið er á um í I. viðauka;

iii. fara eftir reglugerð (EBE) nr. 3925/91 (um afnám eftirlits vegna handfarangurs og skráðs farangurs), reglugerð (EBE) nr. 2409/92 (um fargjöld og farmgjöld í flugþjónustu),

tilskipun 94/56/EB (um rannsóknir á slysum), reglugerð (EB) nr. 2027/97 (um

bótaábyrgð flugfélaga vegna slysa), tilskipun 2003/42/EB (um tilkynningu atvika),

reglugerð (EB) nr. 261/2004 (um farþega sem er neitað um far), tilskipun 2000/79/EB

(um vinnutíma í almenningsflugi) og tilskipun 2003/88/EB (um vinnutíma) sem kveðið er á um í I. viðauka;

iv. aðskilja viðkomandi þjónustuveitanda á sviði flugumferðar og viðkomandi innlenda umsýslustofnun, koma á fót innlendri stofnun sem hefur eftirlit með

flugumferðarþjónustu, hefja endurskipulagningu loftrýmis síns þannig að til verði eitt eða fleiri nothæf loftrými og tryggja sveigjanlega notkun loftrýmis;

v. fullgilda samning um samræmingu nokkurra reglna varðandi loftflutninga milli landa (Montrealsamninginn);

vi. hafa náð viðunandi árangri í því að beita reglum um ríkisaðstoð og samkeppni sem er að finna í samningi er um getur í 1. mgr. 14. gr. meginmáls sammingsins eða III. viðauka, eftir því hvor þeirra er viðeigandi.

2. Við lok seinni aðlögunaráfangans skal Albanía beita ákvæðum samnings þessa, að

meðtalinni þeirri löggjöf sem sett er fram í I. viðauka.

3. gr.

Aðlögunarfyrirkomulag.

1. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 1. gr. meginmáls samningsins,

a. í fyrri aðlögunaráfanganum:

i. skulu bandalagsflugfélög og flugfélög, sem Albanía hefur veitt leyfi, hafa heimild til að nýta sér ótakmörkuð flugréttindi milli hvaða staðar sem er í Albaníu og hvaða staðar sem er í EB-ríki;

ii. skulu bandalagsflugfélög ekki vera í meirihlutaeigu eða lúta yferráðum Albaníu eða albanskra ríkisborgara í reynd og flugfélög, sem Albanía hefur veitt leyfi, skulu ekki vera í meirihlutaeigu eða lúta yferráðum EB-ríkis eða ríkisborgara EB-ríkis í reynd;

b. í seinni aðlögunaráfanganum:

i. skulu bandalagsflugfélög og flugfélög, sem Albanía hefur veitt leyfi, hafa heimild til að nýta sér þau flugréttindi sem mælt er fyrir um í i. lið a-liðar 1. mgr.;

ii. skulu bandalagsflugfélög hafa heimild til að nýta sér ótakmörkuð flugréttindi milli staða í Albaníu og hjá öðrum tengdum aðilum og hafa heimild til að skipta um loftfar hvar sem er, að því tilskildu að um flug sé að ræða sem er hluti þjónustu sem nær til staðar í EB-ríki;

iii. skulu flugfélög, sem Albanía hefur veitt leyfi, hafa heimild til að nýta sér ótakmörkuð flugréttindi milli staða í hinum ýmsu EB-ríkjum og hafa heimild til að skipta um loftfar hvar sem er, að því tilskildu að um flug sé að ræða sem er hluti þjónustu sem nær til staðar í Albaníu.

2. Í grein þessari merkir „bandalagsflugfélag“ flugfélag sem EB-ríki, Noregur eða Ísland hefur veitt leyfi.

3. Ákvæði 7. og 8. gr. meginmáls samningsins gilda ekki fyrr en við lok seinni aðlögunaráfangans, samanber þó þá skyldu Albaníu og Bandalagsins að veita flugfélögum, sem eru í meirihlutaeigu eða lúta yferráðum EB-ríkis eða ríkisborgara EB-ríkis í reynd, og flugfélögum, sem eru í meirihlutaeigu eða lúta yferráðum Albaníu eða albanskra ríkisborgara í reynd, rekstrarleyfi, frá lokum fyrri aðlögunaráfangans, eftir því sem við á í samræmi við gerðirnar sem eru tilgreindar í I. viðauka.

4. gr.

Flugöryggi.

1. Við upphaf fyrri aðlögunaráfangans skal Albanía hafa áheyrnarfulltrúa hjá Flugöryggisstofnun Evrópu.

2. Við lok seinni aðlögunaráfangans tekur sameiginlega nefndin, sem er komið á fót skv. 18. gr. meginmáls samningsins, ákvörðun um hver staða Albaníu er nákvæmlega með tilliti til þátttöku í starfsemi Flugöryggisstofnunar Evrópu og um skilyrði fyrir slíkri þátttöku.

3. Evrópubandalaginu er heimilt, fram til loka seinni aðlögunaráfangans og verði vart við annmarka á flugöryggi, að gera kröfu um að heimild til handa flugfélagi, sem Albanía hefur veitt leyfi til þess að starfa á flugleiðum til, frá eða innan Evrópubandalagsins, verði háð sérstöku öryggismati. Evrópubandalagið skal framkvæma matið án tafar til þess að hlutaðeigandi flugfélag geti nýtt flugréttindi sín án óeðlilegra tafa.

5. gr.

Flugvernd.

1. Við upphaf seinni aðlögunaráfangans skal hlutaðeigandi yfirvald í Albaníu fá aðgang að þeim hluta löggjafar um flugvernd, er um getur í I. viðauka, sem leynd hvílir yfir.

2. Evrópubandalaginu er heimilt, fram til loka seinni aðlögunaráfangans og verði vart við annmarka á sviði flugverndar, að gera kröfu um að heimild til handa flugfélagi, sem

Albanía hefur veitt leyfi til þess að starfa á flugleiðum til, frá eða innan Evrópubandalagsins, verði háð sérstöku mati á þáttum er lúta að flugvernd. Evrópubandalagið skal framkvæma matið án tafar til þess að hlutaðeigandi flugfélag geti nýtt flugréttindi sín án óeðlilegra tafa. Bókun II.

Aðlögunarfyrirkomulag sem gildir milli Evrópubandalagsins og EB-ríkjanna annars vegar og Bosníu og Hersegóvínu hins vegar.

1. gr.

Aðlögunaráfangar.

1. Fyrri aðlögunaráfanginn nær frá gildistöku sammings þessa fram til þess að Bosnía og Hersegóvína hefur fullnægt öllum skilyrðum, sem sett eru fram í 1. mgr. 2. gr., og gengið hefur verið úr skugga um það með matsgerð Evrópubandalagsins.

2. Seinni aðlögunaráfanginn nær frá lokum fyrri aðlögunaráfangans fram til þess að Bosnía og Hersegóvína hefur fullnægt öllum skilyrðum, sem sett eru fram í 2. mgr. 2. gr., og gengið hefur verið úr skugga um það með matsgerð Evrópubandalagsins.

2. gr.

Skilyrði sem lúta að aðlögun.

1. Við lok fyrri aðlögunaráfangans skal Bosnía og Hersegóvína:

- i. vera fullgildur meðlimur í Samtökum flugmálastjórna í Evrópu og leitast við að hrinda í framkvæmd þeirri löggjöf um flugöryggi sem kveðið er á um í I. viðauka;
- ii. beita skjali Evrópusambands flugmálastjórna (ECAC) nr. 30 og leitast við að hrinda í framkvæmd þeirri löggjöf um flugvernd sem kveðið er á um í I. viðauka;
- iii. fara eftir reglugerð (EBE) nr. 3925/91 (um afnám eftirlits vegna handfarangurs og skráðs farangurs), reglugerð (EBE) nr. 2409/92 (um fargjöld og farmgjöld í flugþjónustu), tilskipun 94/56/EB (um rannsóknir á slysum), tilskipun 96/67/EB (um flugafgreiðslu), reglugerð (EB) nr. 2027/97 (um bótaábyrgð flugfélaga vegna slysa), tilskipun 2003/42/EB (um tilkynningu atvika), reglugerð (EB) nr. 261/2004 (um farþega sem er neitað um far), tilskipun 2000/79/EB (um vinnutíma í almenningsflugi) og tilskipun 2003/88/EB (um vinnutíma) sem kveðið er á um í I. viðauka;
- iv. fullgilda samning um samræmingu nokkurra reglna varðandi loftflutninga milli landa (Montrealsamninginn);
- v. hafa náð viðunandi árangri í því að beita reglum um ríkisaðstoð og samkeppni sem er að finna í samningi er um getur í 1. mgr. 14. gr. meginmáls sammingsins eða III. viðauka við samning þennan, eftir því hvor þeirra er viðeigandi.

2. Við lok seinni aðlögunaráfangans skal Bosnía og Hersegóvína:

- i. aðskilja viðkomandi þjónustuveitanda á sviði flugumferðar og viðkomandi innlenda umsýslustofnun, koma á fót innlendri stofnun sem hefur eftirlit með flugumferðarþjónustu, hefja endurskipulagningu loftrýmis síns þannig að til verði eitt eða fleiri nothæf loftrými og tryggja sveigjanlega notkun loftrýmis;
- ii. beita ákvæðum sammings þessa, að meðtalinni þeirri löggjöf sem sett er fram í I. viðauka.

3. gr.

Aðlögunarfyrirkomulag.

1. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 1. gr. meginmáls sammingsins,

a. í fyrri aðlögunaráfanganum:

i. skulu bandalagsflugfélög og flugfélög, sem Bosnía og Hersegóvína hefur veitt leyfi, hafa heimild til að nýta sér ótakmörkuð flugréttindi milli hvaða staðar sem er í Bosníu og Hersegóvínu og hvaða staðar sem er í EB-ríki;

ii. skulu bandalagsflugfélög ekki vera í meirihlutaeigu eða lúta yferráðum Bosníu og Hersegóvínu eða ríkisborgara þess lands í reynd og flugfélög, sem Bosnía og

Hersegóvína hefur veitt leyfi, skulu ekki vera í meirihlutaeigu eða lúta yferráðum EB-ríkis eða ríkisborgara EB-ríkis í reynd;

b. í seinni aðlögunaráfangnum:

i. skulu bandalagsflugfélög og flugfélög, sem Bosnía og Hersegóvína hefur veitt leyfi, hafa heimild til að nýta sér þau flugréttindi sem mælt er fyrir um í i. lið a-liðar

1. mgr.;

ii. skulu bandalagsflugfélög hafa heimild til að nýta sér ótakmörkuð flugréttindi milli staða í Bosnía og Hersegóvínu og hjá öðrum tengdum aðilum og hafa heimild til að skipta um loftfar hvar sem er, að því tilskildu að um flug sé að ræða sem er hluti þjónustu sem nær til staðar í EB-ríki;

iii. skulu flugfélög, sem Bosnía og Hersegóvína hefur veitt leyfi, hafa heimild til að nýta sér ótakmörkuð flugréttindi milli staða í hinum ýmsu EB-ríkjum og hafa heimild til að skipta um loftfar hvar sem er, að því tilskildu að um flug sé að ræða sem er hluti þjónustu sem nær til staðar í Bosnía og Hersegóvínu.

2. Í grein þessari merkir „bandalagsflugfélag“ flugfélag sem EB-ríki, Noregur eða Ísland hefur veitt leyfi.

3. Ákvæði 7. og 8. gr. meginmáls samningsins gilda ekki fyrir en við lok seinni aðlögunaráfangans, samanber þó þá skyldu Bosnía og Hersegóvínu og Bandalagsins að veita flugfélögum, sem eru í meirihlutaeigu eða lúta yferráðum EB-ríkis eða ríkisborgara EB-ríkis í reynd, og flugfélögum, sem eru í meirihlutaeigu eða lúta yferráðum Bosnía og Hersegóvínu eða ríkisborgara þess lands í reynd, rekstrarleyfi, frá lokum fyrri aðlögunaráfangans, eftir því sem við á í samræmi við gerðirnar sem eru tilgreindar í I. viðauka.

4. gr.

Flugöryggi.

1. Við upphaf fyrri aðlögunaráfangans skal Bosnía og Hersegóvína hafa áheyrnarfulltrúa hjá Flugöryggisstofnun Evrópu.

2. Við lok seinni aðlögunaráfangans tekur sameiginlega nefndin, sem er komið á fót skv. 18. gr. meginmáls samningsins, ákvörðun um hver staða Bosnía og Hersegóvínu er nákvæmlega með tilliti til þátttöku í starfsemi Flugöryggisstofnunar Evrópu og um skilyrði fyrir slíkri þátttöku.

3. Evrópubandalaginu er heimilt, fram til loka seinni aðlögunaráfangans og verði vart við annmarka á flugöryggi, að gera kröfu um að heimild til handa flugfélagi, sem Bosnía og Hersegóvína hefur veitt leyfi til þess að starfa á flugleiðum til, frá eða innan Evrópubandalagsins, verði háð sérstöku öryggismati. Evrópubandalagið skal framkvæma matið án tafar til þess að hlutaðeigandi flugfélag geti nýtt flugréttindi sín án óeðlilegra tafa.

5. gr.

Flugvernd.

1. Við upphaf seinni aðlögunaráfangans skal hlutaðeigandi yfirvald í Bosnía og Hersegóvínu fá aðgang að þeim hluta löggjafar um flugvernd, er um getur í I. viðauka, sem leynd hvílir yfir.

2. Evrópubandalaginu er heimilt, fram til loka seinni aðlögunaráfangans og verði vart við annmarka á flugvernd, að gera kröfu um að heimild til handa flugfélagi, sem Bosnía og Hersegóvína hefur veitt leyfi til þess að starfa á flugleiðum til, frá eða innan Evrópubandalagsins, verði háð sérstöku mati á þáttum er lúta að flugvernd. Evrópubandalagið skal framkvæma matið án tafar til þess að hlutaðeigandi flugfélag geti nýtt flugréttindi sín án óeðlilegra tafa.

Bókun III.

Aðlögunarfyrirkomulag sem gildir milli Evrópubandalagsins og EB-ríkjanna annars vegar

og lýðveldisins Búlgaríu hins vegar.

1. gr.

Aðlögunaráfangi.

1. Aðlögunaráfanginn nær frá gildistöku samnings þessa fram til þess að lýðveldið Búlgaría, hér á eftir nefnt „Búlgaría“, hefur fullnægt öllum skilyrðum sem sett eru fram í 2. gr., og gengið hefur verið úr skugga um það með matsgerð Evrópubandalagsins, eða eigi síðar en Búlgaría fær aðild að Evrópusambandinu.

2. Vísanir til „seinni aðlögunaráfangans“ í samningi þessum eða viðaukunum við hann merkja, að því er Búlgaríu varðar, þann aðlögunaráfanga er um getur í 1. mgr.

2. gr.

Skilyrði sem lúta að aðlögun.

Við lok aðlögunaráfangans skal Búlgaría beita ákvæðum samnings þessa, að meðtalinni þeirri löggjöf sem sett er fram í I. viðauka eins og mælt er fyrir um í 3. gr. meginmáls samningsins.

3. gr.

Aðlögunarfyrirkomulag.

1. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 1. gr. meginmáls samningsins, í aðlögunaráfanganum:

i. skulu bandalagsflugfélög og flugfélög, sem Búlgaría hefur veitt leyfi, hafa heimild til að nýta sér ótakmörkuð flugréttindi milli hvaða staðar sem er í Búlgaríu og hvaða staðar sem er í EB-ríki;

ii. skulu bandalagsflugfélög hafa heimild til að nýta sér ótakmörkuð flugréttindi milli staða í Búlgaríu og hjá öðrum tengdum aðilum og hafa heimild til að skipta um loftfar hvar sem er, að því tilskildu að um flug sé að ræða sem er hluti þjónustu sem nær til staðar í EB-ríki;

iii. skulu flugfélög, sem Búlgaría hefur veitt leyfi, hafa heimild til að nýta sér ótakmörkuð flugréttindi milli staða í hinum ýmsu EB-ríkjum og hafa heimild til að skipta um loftfar hvar sem er, að því tilskildu að um flug sé að ræða sem er hluti þjónustu sem nær til staðar í Búlgaríu.

2. Í grein þessari merkir „bandalagsflugfélag“ flugfélag sem EB-ríki, Noregur eða Ísland hefur veitt leyfi.

3. Ákvæði 7. og 8. gr. meginmáls samningsins gilda ekki fyrir en við lok aðlögunaráfangans, samanber þó þá skyldu Búlgaríu og Bandalagsins að veita flugfélögum, sem eru í meirihlutaeigu eða lúta yferráðum EB-ríkis eða ríkisborgara EB-ríkis í reynd, og flugfélögum, sem eru í meirihlutaeigu eða lúta yferráðum Búlgaríu eða búlgarskra ríkisborgara í reynd, rekstrarleyfi, frá lokum fyrri aðlögunaráfangans, eftir því sem við á í samræmi við gerðirnar sem eru tilgreindar í I. viðauka.

4. gr.

Flugöryggi.

1. Við lok aðlögunaráfangans tekur sameiginlega nefndin, sem er komið á fót skv. 18. gr. meginmáls samningsins, ákvörðun um hver staða Búlgaríu er nákvæmlega með tilliti til þátttöku í starfsemi Flugöryggisstofnunar Evrópu og um skilyrði fyrir slíkri þátttöku.

2. Evrópubandalaginu er heimilt, fram til loka aðlögunaráfangans og verði vart við annmarka á flugöryggi, að gera kröfu um að heimild til handa flugfélagi, sem Búlgaría hefur veitt leyfi til þess að starfa á flugleiðum til, frá eða innan Evrópubandalagsins, verði háð sérstöku öryggismati. Evrópubandalagið skal framkvæma matið án tafar til þess að hlutaðeigandi flugfélag geti nýtt flugréttindi sín án óeðlilegra tafa.

5. gr.

Flugvernd.

Evrópubandalaginu er heimilt, fram til loka aðlögunaráfangans og verði vart við annmarka á flugvernd, að gera kröfu um að heimild til handa flugfélagi, sem Búlgaría hefur veitt leyfi til þess að

starfa á flugleiðum til, frá eða innan Evrópubandalagsins, verði háð sérstöku mati á þáttum er lúta að flugvernd. Evrópubandalagið skal framkvæma matið án tafar til þess að hlutaðeigandi flugfélag

geti nýtt flugréttindi sín án óeðlilegra tafa.

Bókun IV.

Aðlögunarfyrirkomulag sem gildir milli Evrópubandalagsins og EB-ríkjanna annars vegar og Lýðveldisins Króatíu hins vegar.

1. gr.

Aðlögunaráfangar.

1. Fyrri aðlögunaráfanginn nær frá gildistöku samnings þessa fram til þess að Lýðveldið Króatía, hér á eftir nefnt „Króatía“, hefur fullnægt öllum skilyrðum, sem sett eru fram í 1. mgr. 2. gr., og gengið hefur verið úr skugga um það með matsgerð Evrópubandalagsins.

2. Seinni aðlögunaráfanginn nær frá lokum fyrri aðlögunaráfangans fram til þess að Króatía hefur fullnægt öllum skilyrðum, sem sett eru fram í 2. mgr. 2. gr., og gengið hefur verið úr skugga um það með matsgerð Evrópubandalagsins.

2. gr.

Skilyrði sem lúta að aðlögun.

1. Við lok fyrri aðlögunaráfangans skal Króatía:

- i. vera fullgildur meðlimur í Samtökum flugmálastjórna í Evrópu og leitast við að hrinda í framkvæmd þeirri löggjöf um flugöryggi sem kveðið er á um í I. viðauka;
- ii. beita skjali Evrópusambands flugmálastjórna (ECAC) nr. 30 og leitast við að hrinda í framkvæmd þeirri löggjöf um flugvernd sem kveðið er á um í I. viðauka;
- iii. fara eftir reglugerð (EBE) nr. 3925/91 (um afnám eftirlits vegna handfarangurs og skráðs farangurs), reglugerð (EBE) nr. 2409/92 (um fargjöld og farmgjöld í flugþjónustu), tilskipun 94/56/EB (um rannsóknir á slysum), tilskipun 96/67/EB (um flugafgreiðslu), reglugerð (EB) nr. 2027/97 (um bótaábyrgð flugfélaga vegna slysa), tilskipun 2003/42/EB (um tilkynningu atvika), reglugerð (EB) nr. 261/2004 (um farþega sem er neitað um far), tilskipun 2000/79/EB (um vinnutíma í almenningsflugi) og tilskipun 2003/88/EB (um vinnutíma) sem kveðið er á um í I. viðauka við samning þennan;

iv. aðskilja viðkomandi þjónustuveitanda á sviði flugumferðar og viðkomandi innlenda umsýslustofnun, koma á fót innlendri stofnun sem hefur eftirlit með flugumferðarþjónustu, hefja endurskipulagningu loftrýmis síns þannig að til verði eitt eða fleiri nothæf loftrými og tryggja sveigjanlega notkun loftrýmis;

v. fullgilda samning um samræmingu nokkurra reglna varðandi loftflutninga milli landa (Montrealsamninginn);

vi. hafa náð viðunandi árangri í því að beita reglum um ríkisaðstoð og samkeppni sem er að finna í samningi er um getur í 1. mgr. 14. gr. meginmáls samningsins eða III. viðauka við samning þennan, eftir því hvor þeirra er viðeigandi.

2. Við lok seinni aðlögunaráfangans skal Króatía beita ákvæðum samnings þessa, að meðtalinni þeirri löggjöf sem sett er fram í I. viðauka.

3. gr.

Aðlögunarfyrirkomulag.

1. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 1. gr. meginmáls samningsins,

a. skulu bandalagsflugfélög og flugfélög, sem Króatía hefur veitt leyfi, hafa, í fyrri og

seinni aðlögunaráfanga, heimild til að nýta sér ótakmörkuð flugréttindi milli hvaða staðar sem er í Króatíu og hvaða staðar sem er í EB-ríki;

b. í seinni aðlögunaráfanganum:

- i. skulu bandalagsflugfélög og flugfélög, sem Króatía hefur veitt leyfi, hafa heimild til að nýta sér þau flugréttindi sem mælt er fyrir um í a-lið 1. mgr.;
- ii. skulu bandalagsflugfélög hafa heimild til að nýta sér ótakmörkuð flugréttindi milli staða í Króatíu og hjá öðrum tengdum aðilum og hafa heimild til að skipta um loftfar hvar sem er, að því tilskildu að um flug sé að ræða sem er hluti þjónustu sem nær til staðar í EB-ríki;
- iii. skulu flugfélög, sem Króatía hefur veitt leyfi, hafa heimild til að nýta sér ótakmörkuð flugréttindi milli staða í hinum ýmsu EB-ríkjum og hafa heimild til að skipta um loftfar hvar sem er, að því tilskildu að um flug sé að ræða sem er hluti þjónustu sem nær til staðar í Króatíu;
- c. fram til loka seinni aðlögunaráfangans skulu bandalagsflugfélög ekki vera í meirihlutaeygu eða lúta yferráðum Króatíu eða króatískra ríkisborgara í reynd og flugfélög, sem Króatía hefur veitt leyfi, skulu ekki vera í meirihlutaeygu eða lúta yferráðum EB-ríkis eða ríkisborgara EB-ríkis í reynd.

2. Í grein þessari merkir „bandalagsflugfélag“ flugfélag sem EB-ríki, Noregur eða Ísland hefur veitt leyfi.

3. Ákvæði 7. og 8. gr. meginmáls samningsins gilda ekki fyrr en við lok seinni aðlögunaráfangans, samanber þó þá skyldu Króatíu og Bandalagsins að veita flugfélögum, sem eru í meirihlutaeygu eða lúta yferráðum EB-ríkis eða ríkisborgara EB-ríkis í reynd, og flugfélögum, sem eru í meirihlutaeygu eða lúta yferráðum Króatíu eða króatískra ríkisborgara í reynd, rekstrarleyfi, frá lokum fyrri aðlögunaráfangans, eftir því sem við á í samræmi við gerðirnar sem eru tilgreindar í I. viðauka.

4. gr.

Flugöryggi.

1. Við upphaf fyrri aðlögunaráfangans skal Króatía hafa áheyrnarfulltrúa hjá Flugöryggisstofnun Evrópu.

2. Við lok seinni aðlögunaráfangans tekur sameiginlega nefndin, sem er komið á fót skv. 18. gr. meginmáls samningsins, ákvörðun um hver staða Króatíu er nákvæmlega með tilliti til þátttöku í starfsemi Flugöryggisstofnunar Evrópu og um skilyrði fyrir slíkri þátttöku.

3. Evrópubandalaginu er heimilt, fram til loka seinni aðlögunaráfangans og verði vart við annmarka á flugöryggi, að gera kröfu um að heimild til handa flugfélagi, sem Króatía hefur veitt leyfi til þess að starfa á flugleiðum til, frá eða innan Evrópubandalagsins, verði háð sérstöku öryggismati. Evrópubandalagið skal framkvæma matið án tafar til þess að hlutaðeigandi flugfélag geti nýtt flugréttindi sín án óeðlilegra tafa.

5. gr.

Flugvernd.

1. Við upphaf seinni aðlögunaráfangans skal hlutaðeigandi yfirvald í Króatíu fá aðgang að þeim hluta löggjafar um flugvernd, er um getur í I. viðauka, sem leynd hvílir yfir.

2. Evrópubandalaginu er heimilt, fram til loka seinni aðlögunaráfangans og verði vart við annmarka á flugvernd, að gera kröfu um að heimild til handa flugfélagi, sem Króatía hefur veitt leyfi til þess að starfa á flugleiðum til, frá eða innan Evrópubandalagsins, verði háð sérstöku mati á þáttum er lúta að flugvernd. Evrópubandalagið skal framkvæma matið án tafar til þess að hlutaðeigandi flugfélag geti nýtt flugréttindi sín án óeðlilegra tafa.

Bókun V.

Aðlögunarfyrirkomulag sem gildir milli Evrópubandalagsins og EB-ríkjanna annars vegar

og Makedóníu, fyrrum lýðveldis Júgóslavíu, hins vegar.

1. gr.

Aðlögunaráfangar.

1. Fyrri aðlögunaráfangi nær frá gildistöku samnings þessa fram til þess að Makedónía, fyrrum lýðveldi Júgóslavíu, hefur fullnægt öllum skilyrðum, sem sett eru fram í 1. mgr. 2. gr., og gengið hefur verið úr skugga um það með matsgerð Evrópubandalagsins.

2. Seinni aðlögunaráfangi nær frá lokum fyrri aðlögunaráfangans fram til þess að Makedónía, fyrrum lýðveldi Júgóslavíu, hefur fullnægt öllum skilyrðum, sem sett eru fram í 2. mgr.

2. gr., og gengið hefur verið úr skugga um það með matsgerð Evrópubandalagsins.

2. gr.

Skilyrði sem lúta að aðlögun.

1. Við lok fyrri aðlögunaráfangans skal Makedónía, fyrrum lýðveldi Júgóslavíu:

- i. vera fullgildur meðlimur í Samtökum flugmálastjórna í Evrópu og leitast við að hrinda í framkvæmd þeirri löggjöf um flugöryggi sem kveðið er á um í I. viðauka;
- ii. beita skjali Evrópusambands flugmálastjórna (ECAC) nr. 30 og leitast við að hrinda í framkvæmd þeirri löggjöf um flugvernd sem kveðið er á um í I. viðauka þennan;
- iii. fara eftir reglugerð (EBE) nr. 3925/91 (um afnám eftirlits vegna handfarangurs og skráðs farangurs), reglugerð (EBE) nr. 2409/92 (um fargjöld og farmgjöld í flugþjónustu), tilskipun 94/56/EB (um rannsóknir á slysum), tilskipun 96/67/EB (um flugafgreiðslu), tilskipun 2003/42/EB (um tilkynningu atvika), tilskipun 2000/79/EB (um vinnutíma í almenningsflugi) og tilskipun 2003/88/EB (um vinnutíma) sem kveðið er á um í I. viðauka ;

iv. aðskilja viðkomandi þjónustuveitanda á sviði flugumferðar og viðkomandi innlenda umsýslustofnun, koma á fót innlendri stofnun sem hefur eftirlit með flugumferðarþjónustu, hefja endurskipulagningu loftrýmis síns þannig að til verði eitt eða fleiri nothæf loftrými og tryggja sveigjanlega notkun loftrýmis;

v. fullgilda samning um samræmingu nokkurra reglna varðandi loftflutninga milli landa (Montrealsamninginn);

vi. hafa náð viðunandi árangri í því að beita reglum um ríkisaðstoð og samkeppni sem er að finna í samningi er um getur í 1. mgr. 14. gr. meginmáls samningsins eða III. viðauka við samning þennan, eftir því hvor þeirra er viðeigandi.

2. Við lok seinni aðlögunaráfangans skal Makedónía, fyrrum lýðveldi Júgóslavíu, beita ákvæðum samnings þessa, að meðtalinni þeirri löggjöf sem sett er fram í I. viðauka.

3. gr.

Aðlögunarfyrirkomulag.

1. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 1. gr. meginmáls samningsins,

a. í fyrri aðlögunaráfanganum:

- i. skulu bandalagsflugfélög og flugfélög, sem Makedónía, fyrrum lýðveldi Júgóslavíu, hefur veitt leyfi, hafa heimild til að nýta sér ótakmörkuð flugréttindi milli hvaða staðar sem er í Makedóníu, fyrrum lýðveldi Júgóslavíu, og hvaða staðar sem er í EB-ríki;
- ii. skulu bandalagsflugfélög ekki vera í meirihlutaeigu eða lúta yferráðum Makedóníu, fyrrum lýðveldis Júgóslavíu, eða ríkisborgara þess lands í reynd og flugfélög, sem Makedónía, fyrrum lýðveldi Júgóslavíu, hefur veitt leyfi, skulu ekki vera í meirihlutaeigu eða lúta yferráðum EB-ríkis eða ríkisborgara EB-ríkis í reynd;

b. í seinni aðlögunaráfanganum:

- i. skulu bandalagsflugfélög og flugfélög, sem Makedónía, fyrrum lýðveldi Júgóslavíu, hefur veitt leyfi, hafa heimild til að nýta sér þau flugréttindi sem mælt er fyrir um í i. lið a-liðar 1. mgr.;

- ii. skulu bandalagsflugfélög hafa heimild til að nýta sér ótakmörkuð flugréttindi milli staða í Makedóníu, fyrrum Lýðveldi Júgóslavíu, og hjá öðrum tengdum aðilum og hafa heimild til að skipta um loftfar hvar sem er, að því tilskildu að um flug sé að ræða sem er hluti þjónustu sem nær til staðar í EB-ríki;
- iii. skulu flugfélög, sem Makedónía, fyrrum Lýðveldi Júgóslavíu, hefur veitt leyfi, hafa heimild til að nýta sér ótakmörkuð flugréttindi milli staða í hinum ýmsu EB-ríkjum og hafa heimild til að skipta um loftfar hvar sem er, að því tilskildu að um flug sé að ræða sem er hluti þjónustu sem nær til staðar í Makedóníu, fyrrum Lýðveldi Júgóslavíu.
2. Í grein þessari merkir „bandalagsflugfélag“ flugfélag sem EB-ríki, Noregur eða Ísland hefur veitt leyfi.
3. Ákvæði 7. og 8. gr. meginmáls samningsins gilda ekki fyrr en við lok seinni aðlögunaráfangans, samanber þó þá skyldu Makedóníu, fyrrum Lýðveldis Júgóslavíu, og Bandalagsins að veita flugfélögum, sem eru í meirihlutaeygu eða lúta yferráðum EB-ríkis eða ríkisborgara EB-ríkis í reynd, og flugfélögum, sem eru í meirihlutaeygu eða lúta yferráðum Makedóníu, fyrrum Lýðveldis Júgóslavíu, eða ríkisborgara þess lands í reynd, rekstrarleyfi, frá lokum fyrri aðlögunaráfangans, eftir því sem við á í samræmi við gerðirnar sem eru tilgreindar í I. viðauka.
4. gr.
- Kvöð um beitingu tiltekinnar löggjafar af hálfu Makedóníu, fyrrum Lýðveldis Júgóslavíu.*

Makedónía, fyrrum Lýðveldi Júgóslavíu, skal, þrátt fyrir ákvæði 2. gr. bókunar þessarar:

i. beita í reynd ákvæðum samningsins um samræmingu nokkurra reglna varðandi loftflutninga milli landa (Montrealsamningsins);

ii. framfylgja því að flugfélög, sem Makedónía, fyrrum Lýðveldi Júgóslavíu, hefur veitt leyfi, virði í reynd ákvæði reglugerðar (EB) nr.261/2004;

iii. segja upp samningi milli ríkisstjórnar Makedóníu, fyrrum Lýðveldis Júgóslavíu, og Macedonian Airlines (MAT) eða færa hann til samræmis við lög Bandalagsins.

5. gr.

Flugöryggi.

1. Við upphaf fyrri aðlögunaráfangans skal Makedónía, fyrrum Lýðveldi Júgóslavíu, hafa áheyrnarfulltrúa hjá Flugöryggisstofnun Evrópu.
2. Við lok seinni aðlögunaráfangans tekur sameiginlega nefndin, sem er komið á fót skv. 18. gr. meginmáls samningsins, ákvörðun um hver staða Makedóníu, fyrrum Lýðveldis Júgóslavíu, er nákvæmlega með tilliti til starfsemi Flugöryggisstofnunar Evrópu og um skilyrði fyrir slíkri þátttöku.
3. Evrópubandalaginu er heimilt, fram til loka seinni aðlögunaráfangans og verði vart við annmarka á flugöryggi, að gera kröfu um að heimild til handa flugfélagi, sem Makedónía, fyrrum Lýðveldi Júgóslavíu, hefur veitt leyfi til þess að starfa á flugleiðum til, frá eða innan Evrópubandalagsins, verði háð sérstöku öryggismati. Evrópubandalagið skal framkvæma matið án tafar til þess að hlutaðeigandi flugfélag geti nýtt flugréttindi sín án óeðlilegra tafa.
6. gr.

Flugvernd.

1. Við upphaf seinni aðlögunaráfangans skal hlutaðeigandi yfirvald í Makedóníu, fyrrum Lýðveldi Júgóslavíu, fá aðgang að þeim hluta löggjafar um flugvernd, er um getur í I. viðauka, sem leynd hvílir yfir.
2. Evrópubandalaginu er heimilt, fram til loka seinni aðlögunaráfangans og verði vart við annmarka á flugvernd, að gera kröfu um að heimild til handa flugfélagi, sem Makedónía, fyrrum Lýðveldi Júgóslavíu, hefur veitt leyfi til þess að starfa á flugleiðum til, frá eða innan

Evrópubandalagsins, verði háð sérstöku mati á þáttum er lúta að flugvernd.
Evrópubandalagið skal framkvæma matið án tafar til þess að hlutaðeigandi flugfélag geti nýtt flugréttindi sín án óeðlilegra tafa.

Bókun VI.

Aðlögunarfyrirkomulag sem gildir milli Evrópubandalagsins og EB-ríkjanna annars vegar og Serbíu og Svartfjallalands hins vegar.

1. gr.

Aðlögunaráfangar.

1. Fyrri aðlögunaráfanginn nær frá gildistöku samnings þessa fram til þess að Serbía og Svartfjallaland hefur fullnægt öllum skilyrðum, sem sett eru fram í 1. mgr. 2. gr., og gengið hefur verið úr skugga um það með matsgerð Evrópubandalagsins.
2. Seinni aðlögunaráfanginn nær frá lokum fyrri aðlögunaráfangans fram til þess að Serbía og Svartfjallaland hefur fullnægt öllum skilyrðum, sem sett eru fram í 2. mgr. 2. gr., og gengið hefur verið úr skugga um það með matsgerð Evrópubandalagsins.

2. gr.

Skilyrði sem lúta að aðlögun..

1. Við lok fyrri aðlögunaráfangans skal Serbía og Svartfjallaland:
 - i. vera fullgildur meðlimur í Samtökum flugmálastjórna í Evrópu og leitast við að hrinda í framkvæmd þeirri löggjöf um flugöryggi sem kveðið er á um í I. viðauka;
 - ii. beita skjali Evrópusambands flugmálastjórna (ECAC) nr. 30 og leitast við að hrinda í framkvæmd þeirri löggjöf um flugvernd sem kveðið er á um í I. viðauka;
 - iii. fara eftir reglugerð (EBE) nr. 3925/91 (um afnám eftirlits vegna handfarangurs og skráðs farangurs), reglugerð (EBE) nr. 2409/92 (um fargjöld og farmgjöld í flugþjónustu), tilskipun 94/56/EB (um rannsóknir á slysum), tilskipun 96/67/EB (um flugafgreiðslu), reglugerð (EB) nr. 2027/97 (um bótaábyrgð flugfélaga vegna slysa), tilskipun 2003/42/EB (um tilkynningu atvika), reglugerð (EB) nr. 261/2004 (um farþega sem er neitað um far), tilskipun 2000/79/EB (um vinnutíma í almenningsflugi) og tilskipun 2003/88/EB (um vinnutíma) sem kveðið er á um í I. viðauka;
 - iv. aðskilja viðkomandi þjónustuveitanda á sviði flugumferðar og viðkomandi umsýslustofnun Serbíu og Svartfjallalands, koma á fót stofnun innanlands sem hefur eftirlit með flugumferðarþjónustu, hefja endurskipulagningu loftrýmis síns þannig að til verði eitt eða fleiri nothæf loftrými og tryggja sveigjanlega notkun loftrýmis;
 - v. fullgilda samning um samræmingu nokkurra reglna varðandi loftflutninga milli landa (Montrealsamninginn);
 - vi. hafa náð viðunandi árangri í því að beita reglum um ríkisaðstoð og samkeppni sem er að finna í samningi er um getur í 1. mgr. 14. gr. meginmáls samningsins eða III. viðauka við samning þennan, eftir því hvor þeirra er viðeigandi.
2. Við lok seinni aðlögunaráfangans skal Serbía og Svartfjallaland beita ákvæðum samnings þessa, að meðtalinni þeirri löggjöf sem sett er fram í I. viðauka.

3. gr.

Aðlögunarfyrirkomulag.

1. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 1. gr. meginmáls samningsins,
 - a. í fyrri aðlögunaráfanganum:
 - i. skulu bandalagsflugfélög og flugfélög, sem Serbía og Svartfjallaland hefur veitt leyfi, hafa heimild til að nýta sér ótakmörkuð flugréttindi milli hvaða staðar sem er í Serbíu og Svartfjallalandi og hvaða staðar sem er í EB-ríki;
 - ii. skulu bandalagsflugfélög ekki vera í meirihlutaeigu eða lúta yferráðum Serbíu og Svartfjallalands eða ríkisborgara þess lands í reynd og flugfélög, sem Serbía og

Svartfjallaland hefur veitt leyfi, skulu ekki vera í meirihlutaeigu eða lúta yferráðum EBríkis eða ríkisborgara EB-ríkis í reynd;

b. í seinni aðlögunaráfanganum:

i. skulu bandalagsflugfélög og flugfélög, sem Serbía og Svartfjallaland hefur veitt leyfi, hafa heimild til að nýta sér þau flugréttindi sem mælt er fyrir um í i. lið a-liðar 1. mgr.;

ii. skulu bandalagsflugfélög hafa heimild til að nýta sér ótakmörkuð flugréttindi milli staða í Serbíu og Svartfjallalandi og hjá öðrum tengdum aðilum og hafa heimild til að skipta um loftfar hvar sem er, að því tilskildu að um flug sé að ræða sem er hluti þjónustu sem nær til staðar í EB-ríki;

iii. skulu flugfélög, sem Serbía og Svartfjallaland hefur veitt leyfi, hafa heimild til að nýta sér ótakmörkuð flugréttindi milli staða í hinum ýmsu EB-ríkjum og hafa heimild til að skipta um loftfar hvar sem er, að því tilskildu að um flug sé að ræða sem er hluti þjónustu sem nær til staðar í Serbíu og Svartfjallalandi.

2. Í grein þessari merkir „bandalagsflugfélag“ flugfélag sem EB-ríki, Noregur eða Ísland hefur veitt leyfi.

3. Ákvæði 7. og 8. gr. meginmáls samningsins gilda ekki fyrr en við lok seinni aðlögunaráfangans, samanber þó þá skyldu Serbíu og Svartfjallalands og Bandalagsins að veita flugfélögum, sem eru í meirihlutaeigu eða lúta yferráðum EB-ríkis eða ríkisborgara EB-ríkis í reynd, og flugfélögum, sem eru í meirihlutaeigu eða lúta yferráðum Serbíu og Svartfjallalands eða ríkisborgara þess lands í reynd, rekstrarleyfi, frá lokum fyrri aðlögunaráfangans, eftir því sem við á í samræmi við gerðirnar sem eru tilgreindar í I. viðauka.

4. gr.

Flugöryggi.

1. Við upphaf fyrri aðlögunaráfangans skal Serbía og Svartfjallaland hafa áheyrnarfulltrúa hjá Flugöryggisstofnun Evrópu.

2. Við lok seinni aðlögunaráfangans tekur sameiginlega nefndin, sem er komið á fót skv. 18. gr. samnings þessa, ákvörðun um hver staða Serbíu og Svartfjallalands er nákvæmlega með tilliti til þátttöku í starfsemi Flugöryggisstofnunar Evrópu og um skilyrði fyrir slíkri þátttöku.

3. Evrópubandalaginu er heimilt, fram til loka seinni aðlögunaráfangans og verði vart við annmarka á flugöryggi, að gera kröfu um að heimild til handa flugfélagi, sem Serbía og Svartfjallaland hefur veitt leyfi til þess að starfa á flugleiðum til, frá eða innan Evrópubandalagsins, verði háð sérstöku öryggismati. Evrópubandalagið skal framkvæma matið án tafar til þess að hlutaðeigandi flugfélag geti nýtt flugréttindi sín án óeðlilegra tafa.

5. gr.

Flugvernd.

1. Við upphaf seinni aðlögunaráfangans skal hlutaðeigandi yfirvald í Serbíu og Svartfjallalandi fá aðgang að þeim hluta löggjafar um flugvernd, er um getur í I. viðauka, sem leynd hvílir yfir.

2. Evrópubandalaginu er heimilt, fram til loka seinni aðlögunaráfangans og verði vart við annmarka á flugvernd, að gera kröfu um að heimild til handa flugfélagi, sem Serbía og Svartfjallaland hefur veitt leyfi til þess að starfa á flugleiðum til, frá eða innan Evrópubandalagsins, verði háð sérstöku mati á þáttum er lúta að flugvernd. Evrópubandalagið skal framkvæma matið án tafar til þess að hlutaðeigandi flugfélag geti nýtt flugréttindi sín án óeðlilegra tafa.

Bókun VII.

Aðlögunarfyrirkomulag sem gildir milli Evrópubandalagsins og EB-ríkjanna annars vegar

og Rúmeníu hins vegar.

1. gr.

Aðlögunaráfangi.

1. Aðlögunaráfanginn nær frá gildistöku samnings þessa fram til þess að Rúmenía hefur fullnægt öllum skilyrðum, sem sett eru fram í 2. gr., og gengið hefur verið úr skugga um það með matsgerð Evrópubandalagsins.

2. Vísanir til „seinni aðlögunaráfangans“ í samningi þessum eða viðaukunum við hann merkja, að því er Rúmeníu varðar, þann aðlögunaráfanga er um getur í 1. mgr. þessarar greinar.

2. gr.

Skilyrði sem lúta að aðlögun..

Við lok aðlögunaráfangans skal Rúmenía beita ákvæðum samnings þessa, að meðtalinni þeirri löggjöf sem sett er fram í I. viðauka.

3. gr.

Aðlögunarfyrirkomulag.

1. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 1. gr. meginmáls samningsins,

í aðlögunaráfanganum:

i. skulu bandalagsflugfélög og flugfélög, sem Rúmenía hefur veitt leyfi, hafa heimild til að nýta sér ótakmörkuð flugréttindi milli hvaða staðar sem er í Rúmeníu og hvaða staðar sem er í EB-ríki;

ii. skulu bandalagsflugfélög hafa heimild til að nýta sér ótakmörkuð flugréttindi milli staða í Rúmeníu og hjá öðrum tengdum aðilum og hafa heimild til að skipta um loftfar hvar sem er, að því tilskildu að um flug sé að ræða sem er hluti þjónustu sem nær til staðar í EB-ríki;

iii. skulu flugfélög, sem Rúmenía hefur veitt leyfi, hafa heimild til að nýta sér ótakmörkuð flugréttindi milli staða í hinum ýmsu EB-ríkjum og hafa heimild til að skipta um loftfar hvar sem er, að því tilskildu að um flug sé að ræða sem er hluti þjónustu sem nær til staðar í Rúmeníu.

2. Í grein þessari merkir „bandalagsflugfélag“ flugfélag sem EB-ríki, Noregur eða Ísland hefur veitt leyfi.

3. Ákvæði 7. og 8. gr. meginmáls samningsins gilda ekki fyrir en við lok aðlögunaráfangans, samanber þó þá skyldu Rúmeníu og Bandalagsins að veita flugfélögum, sem eru í meirihlutaeigu eða lúta yferráðum EB-ríkis eða ríkisborgara EB-ríkis í reynd, og flugfélögum, sem eru í meirihlutaeigu eða lúta yferráðum Rúmeníu eða rúmenskra ríkisborgara í reynd, rekstrarleyfi, frá lokum fyrri aðlögunaráfangans, eftir því sem við á í samræmi við gerðirnar sem eru tilgreindar í I. viðauka.

4. gr.

Flugöryggi.

1. Við lok aðlögunaráfangans tekur sameiginlega nefndin, sem er komið á fót skv. 18. gr. meginmáls samningsins, ákvörðun um hver staða Rúmeníu er nákvæmlega með tilliti til þátttöku í starfsemi Flugöryggisstofnunar Evrópu og um skilyrði fyrir slíkri þátttöku.

2. Evrópubandalaginu er heimilt, fram til loka aðlögunaráfangans og verði vart við annmarka á flugöryggi, að gera kröfu um að heimild til handa flugfélagi, sem Rúmenía hefur veitt leyfi til þess að starfa á flugleiðum til, frá eða innan Evrópubandalagsins, verði háð sérstöku öryggismati. Evrópubandalagið skal framkvæma matið án tafar til þess að hlutaðeigandi flugfélag geti nýtt flugréttindi sín án óeðlilegra tafa.

5. gr.

Flugvernd.

Evrópubandalaginu er heimilt, fram til loka aðlögunaráfangans og verði vart við annmarka á

flugvernd, að gera kröfu um að heimild til handa flugfélagi, sem Rúmenía hefur veitt leyfi til þess að starfa á flugleiðum til, frá eða innan Evrópubandalagsins, verði háð sérstöku mati á þáttum er lúta að flugvernd. Evrópubandalagið skal framkvæma matið án tafar til þess að hlutaðeigandi flugfélag geti nýtt flugréttindi sín án óeðlilegra tafa.

Bókun VIII.

Aðlögunarfyrirkomulag sem gildir milli Evrópubandalagsins og EB-ríkjanna annars vegar og borgaralegrar stjórnýslu Sameinuðu þjóðanna í Kósovó hins vegar.

1. gr.

Valdsvið borgaralegrar stjórnýslu Sameinuðu þjóðanna í Kósovó.

Ákvæði bókunar þessarar eru með fyrirvara um valdsvið borgaralegrar stjórnýslu Sameinuðu þjóðanna í Kósovó sem leiðir af ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1244 frá 10. júní 1999.

2. gr.

Aðlögunaráfangar.

1. Fyrri aðlögunaráfanginn nær frá gildistöku samnings þessa fram til þess að borgaraleg stjórnýsla Sameinuðu þjóðanna í Kósovó (UNMIK) hefur fullnægt öllum skilyrðum, sem sett eru fram í 1. mgr. 3. gr., og gengið hefur verið úr skugga um það með matsgerð Evrópubandalagsins.

2. Seinni aðlögunaráfanginn nær frá lokum fyrri aðlögunaráfangans fram til þess að borgaraleg stjórnýsla Sameinuðu þjóðanna í Kósovó hefur fullnægt öllum skilyrðum, sem sett eru fram í 2. mgr. 3. gr., og gengið hefur verið úr skugga um það með matsgerð Evrópubandalagsins.

3. gr.

Skilyrði sem lúta að aðlögun..

1. Við lok fyrri aðlögunaráfangans skal borgaraleg stjórnýsla Sameinuðu þjóðanna í Kósovó:

i. framfylgja, með fyrirvara um sérstöðu sína að þjóðarétti, JAR-reglum sem Samtök flugmálastjórna í Evrópu hafa samþykkt og leitast við að hrinda í framkvæmd þeirri löggjöf um flugöryggi sem kveðið er á um í I. viðauka;

ii. beita skjali Evrópusambands flugmálastjórna (ECAC) nr. 30 og leitast við að hrinda í framkvæmd þeirri löggjöf um flugvernd sem kveðið er á um í I. viðauka;

iii. fara eftir reglugerð (EBE) nr. 3925/91 (um afnám eftirlits vegna handfarangurs og skráðs farangurs), reglugerð (EBE) nr. 2409/92 (um fargjöld og farmgjöld í flugþjónustu), tilskipun 94/56/EB (um rannsóknir á slysum), reglugerð (EB) nr. 2027/97 (um bótaábyrgð flugfélaga vegna slysa), tilskipun 2003/42/EB (um tilkynningu atvika), reglugerð (EB) nr. 261/2004 (um farþega sem er neitað um far), tilskipun 2000/79/EB (um vinnutíma í almenningsflugi) og tilskipun 2003/88/EB (um vinnutíma) sem kveðið er á um í I. viðauka;

iv. aðskilja viðkomandi þjónustuveitanda á sviði flugumferðar og viðkomandi umsýslustofnun, koma á fót eða tilnefna stofnun sem hefur eftirlit með flugumferðarþjónustu;

v. beita í reynd ákvæðum samningsins um samræmingu nokkurra reglna varðandi loftflutninga milli landa (Montrealsamningsins);

vi. hafa náð viðunandi árangri í því að beita reglum um ríkisaðstoð og samkeppni sem er að finna í samningi er um getur í 1. mgr. 14. gr. meginmáls samningsins eða III. viðauka, eftir því hvor þeirra er viðeigandi.

2. Við lok seinni aðlögunaráfangans skal borgaraleg stjórnýsla Sameinuðu þjóðanna í Kósovó beita ákvæðum samnings þessa, að meðtalinni þeirri löggjöf sem sett er fram í I. viðauka.

4. gr.

Aðlögunarfyrirkomulag.

1. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 1. gr. meginmáls samningsins,

a. í fyrri aðlögunaráfanganum:

i. skulu bandalagsflugfélög og flugfélög, sem borgaraleg stjórnarsýsla Sameinuðu þjóðanna í Kósovó hefur veitt leyfi, hafa heimild til að nýta sér ótakmörkuð flugréttindi milli hvaða staðar sem er á yfirráðasvæði borgaralegrar stjórnarsýslu Sameinuðu þjóðanna í Kósovó og hvaða staðar sem er í EB-ríki;

ii. skulu bandalagsflugfélög ekki vera í meirihlutaeigu eða lúta yfirráðum borgaralegrar stjórnarsýslu Sameinuðu þjóðanna í Kósovó eða íbúa Kósovó í reynd og flugfélög, sem borgaraleg stjórnarsýsla Sameinuðu þjóðanna í Kósovó hefur veitt leyfi, skulu ekki vera í meirihlutaeigu eða lúta yfirráðum EB-ríkis eða ríkisborgara EB-ríkis í reynd;

b. í seinni aðlögunaráfanganum:

i. skulu bandalagsflugfélög og flugfélög, sem borgaraleg stjórnarsýsla Sameinuðu þjóðanna í Kósovó hefur veitt leyfi, hafa heimild til að nýta sér þau flugréttindi sem mælt er fyrir um í i. lið a-liðar 1. mgr.;

ii. skulu bandalagsflugfélög hafa heimild til að nýta sér ótakmörkuð flugréttindi milli staða í Kósovó og hjá öðrum tengdum aðilum og hafa heimild til að skipta um loftfar hvar sem er, að því tilskildu að um flug sé að ræða sem er hluti þjónustu sem nær til staðar í EB-ríki;

iii. skulu flugfélög, sem borgaraleg stjórnarsýsla Sameinuðu þjóðanna í Kósovó hefur veitt leyfi, hafa heimild til að nýta sér ótakmörkuð flugréttindi milli staða í hinum ýmsu EB-ríkjum og hafa heimild til að skipta um loftfar hvar sem er, að því tilskildu að um flug sé að ræða sem er hluti þjónustu sem nær til staðar í Kósovó.

2. Í grein þessari merkir „bandalagsflugfélag“ flugfélag sem EB-ríki, Noregur eða Ísland hefur veitt leyfi.

3. Ákvæði 7. og 8. gr. meginmáls samningsins gilda ekki fyrr en við lok seinni aðlögunaráfangans, samanber þó þá skyldu borgaralegrar stjórnarsýslu Sameinuðu þjóðanna í Kósovó og Bandalagsins að veita flugfélögum, sem eru í meirihlutaeigu eða lúta yfirráðum EB-ríkis eða ríkisborgara EB-ríkis í reynd, og flugfélögum, sem eru í meirihlutaeigu eða lúta yfirráðum borgaralegrar stjórnarsýslu Sameinuðu þjóðanna í Kósovó eða íbúa Kósovó í reynd, rekstrarleyfi, frá lokum fyrri aðlögunaráfangans, eftir því sem við á í samræmi við gerðirnar sem eru tilgreindar í I. viðauka.

5. gr.

Alþjóðlegir samningar.

Taka ber tillit til sérstöðu borgaralegrar stjórnarsýslu Sameinuðu þjóðanna í Kósovó að þjóðarétti, séu

ákvæði í þeirri löggjöf sem er sett fram í I. viðauka þess efnis að skylt sé að gerast aðili að alþjóðlegum samningum.

6. gr.

Flugöryggi.

1. Við upphaf fyrri aðlögunaráfangans skal borgaraleg stjórnarsýsla Sameinuðu þjóðanna í Kósovó hafa áheyrnarfulltrúa hjá Flugöryggisstofnun Evrópu.

2. Við lok seinni aðlögunaráfangans tekur sameiginlega nefndin, sem er komið á fót skv.

18. gr. meginmáls samningsins, ákvörðun um hver staða borgaralegrar stjórnarsýslu Sameinuðu þjóðanna í Kósovó er nákvæmlega með tilliti til þátttöku í starfsemi Flugöryggisstofnunar Evrópu og um skilyrði fyrir slíkri þátttöku.

3. Evrópubandalaginu er heimilt, fram til loka seinni aðlögunaráfangans og verði vart við annmarka á flugöryggi, að gera kröfu um að heimild til handa flugfélagi, sem borgaraleg stjórnarsýsla Sameinuðu þjóðanna í Kósovó hefur veitt leyfi til þess að starfa á flugleiðum til, frá eða innan Evrópubandalagsins, verði háð sérstöku öryggismati. Evrópubandalagið skal

framkvæma matið án tafar til þess að hlutaðeigandi flugfélag geti nýtt flugréttindi sín án óeðlilegra tafa.

7. gr.

Flugvernd.

1. Við upphaf seinni aðlögunaráfangans skal hlutaðeigandi yfirvald innan borgaralegrar stjórnarsýslu Sameinuðu þjóðanna í Kósovó fá aðgang að þeim hluta löggjafar um flugvernd, er um getur í I. viðauka, sem leynd hvílir yfir.

2. Evrópubandalaginu er heimilt, fram til loka seinni aðlögunaráfangans og verði vart við annmarka á flugvernd, að gera kröfu um að heimild til handa flugfélagi, sem borgaraleg stjórnarsýsla Sameinuðu þjóðanna í Kósovó hefur veitt leyfi til þess að starfa á flugleiðum til, frá eða innan Evrópubandalagsins, verði háð sérstöku mati á þáttum er lúta að flugvernd. Evrópubandalagið skal framkvæma matið án tafar til þess að hlutaðeigandi flugfélag geti nýtt flugréttindi sín án óeðlilegra tafa.
